

MONITOR



HEGGS

FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

ICELAND
AIRWAVES
October 13 -17 '10
FOUNDING SPONSOR ICELANDAIR

ICELANDAIR STYÐUR ICELAND AIRWAVES

Frá því að Airwaves var fyrst haldin, árið 1999, hefur hún vaxið og dafnað. Hátíðin er núna orðin árleg skemmtun hjá þeim sem fylgjast með nýrri og spennandi tónlist í heiminum.

Við hjá Icelandair erum stolt af því að hafa tekið þátt í að skapa og styðja við Iceland Airwaves frá upphafi.



ICELAND AIRWAVES 2004
EIVØR

HEILSAÐU UPP Á ÞIG

HOLLT
OG GOTT
Á HAGSTÆÐU
VERÐI.

Þú getur borðað án samviskubits hjá okkur.
Réttirnir okkar eru saðsamir og girnilegir en um leið
trefjaríkir og fitulitlir.

SERRANO.IS



6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI


serrano
FRESH MEX

VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!

Næsti bardagi **Árna Ísakssonar** er í Belfast á Norður-Írlandi 13. nóvember næstkomandi. „Þetta verður hörkbardagi, en ég veit að ég á eftir að rústa honum,“ segir Árni.

Þessir tölvuleikir og allt þetta kjaftæði er auðvitað að trufla krakkana.

COMBAT GYM

Árni Ísaksson er einn af eigendum stöðvarinnar Combat Gym í Ármúlanum. Þar er hægt að komast í tíma hjá Árni þegar hann er ekki erlendis að lumbra á ópökkum. Á Combat.is má nálgast upplýsingar um stöðina og þær æfingar sem þar fara fram.

ÁRNI MED BELTID SEM HANN FÉKK FYRIR SIGURINN Á RÚSSANUM



Eðli mannsins er að berjast

MYNDSKEID Á MBL.IS

Mynd/Allan

Árni „úr járn“ Ísaksson stefnir á toppinn í blönduðum bardagalistum

„Ég byrjaði í kickboxi þegar ég var 15 ára eftir að hafa horft á einhverjar Van Damme-myndir. Ég varð húkt eftir eina æfingu, keypti mér strax árskort og þannig byrjaði ballið,“ segir bardagaíþróttamaðurinn Árni Ísaksson. Hann vann á dögunum frækilegan sigur á rússneska meistaranum Magomed Saadulaev í MMA (blönduðum bardagalistum) og stefnir hraðbyri á toppinn í þessari geysivinsælu grein. „Ég var þínu ryðgaður, en svo kom ég sterkur inn í annarri lotu,“ segir Árni um viðureignina.

Lái honum hver sem vill að hafa verið ryðgaður, en árið 2006 meiddist hann svo illa á hné að læknar sögðu honum að hann myndi aldrei keppa aftur. Um það leyti var Árni talinn einn sá efnilegasti í Evrópu í greininni. „Þetta var mjög erfður tími og tók mikið á. Ég ákvað hins vegar að gefast ekki upp og æfði fótinn á hverjum degi,“ segir Árni. Rúmum þremur árum síðar er

hann kominn aftur í hasarinn og segir meiðslin einungis hafa styrkt sig. „Í dag kann ég að meta allt í kringum sportið betur, þannig að ég er mjög sáttur við það sem gerðist.“

„Maður var svolítið klikkaður“

Árni á ekki í vandræðum með að útskýra hvers vegna hann hafi svona mikla ástríðu fyrir bardagaíþróttum. „Við vorum hellisbúar í gamla daga og ég held að það sé bara bardagaæðli í mannum. Það er búíð að reyna að drepa það síðustu þúsund árin; allir vinna í boxi, eru í tölvum og vinna allan daginn. En eðli mannsins er að berjast og það er „fighter“ í okkur,“ segir Árni.

Sagan segir að Árni hafi á sínum yngri árum iðulega fengið féлага sína til að kyla sig í andliti til að venja sig við. Hann segir lítið um þessar gróusögur. „Þetta eru smá ýkjur, en það er rétt að maður var svolítið klikkaður þegar maður

var yngri. Maður gerði alls konar vitleysu,“ segir hann og hlær. „Ég var nú samt ósköp venjulegur krakki og ekkert sterkari en jafnaldrar mínir.“

Sprenging í MMA á Íslandi

Árni æfir mikið með Gunnari Nelson sem hefur gert frábæra hluti í sömu íþróttgrein. „Við erum mjög góðir vinir og hjálpum hvor öðrum mikið. Það eru ekki margir í MMA hérna á Íslandi, en við erum báðir mjög góðir í þessu þannig að við gerum hvor öðrum gott,“ segir Árni. Árangur þeirra hefur orðið til þess að mikil sprenging hefur orðið í MMA á Íslandi og segir Árni mikla aðsókn í æfingar hjá Combat Gym. Hann telur íþróttina fullkomna fyrir Íslendinga og að Ísland eigi eftir að ala af sér fjölda góðra bardagamanna. „Þessir tölvuleikir og allt þetta kjaftæði er auðvitað að trufla krakkana, en þeir sem nenna að hafa fyrir því geta náð virkilega langt,“ segir Árni.

Monitor mælir með


MALLAKÚTINN Veitingastaðurinn Mmmmm... á Laugaveginum er tilvalinn fyrir þá sem vilja grípa með sér hollan og góðan skyndibita. Þar fást ótrúlega girnilegar samlokur, nýkreistir ávaxtasafar, kökur og margt fleira.



ÍBÍÓ Social Network ser kvikmyndin sem allir eru að tala um núna. Hún sprengir alla skala og fær frábæra dóma hvarvetna. Myndin fjallar um yngsta milljarðamæring sögunnar, Mark Zuckerberg, sem stofnaði Facebook. Einkunnin 97% á Rotten Tomatoes segir allt sem segja þarf.



FYRIR RÓMANTÍSKA Það er tilvalið að skella sér í göngutúra á fallegum haust-kvöldum. Góða veðrið undanfarið skemmir ekki fyrir en þegar kólnar þarf bara að klæða sig betur og fá sér heitan og góðan kakóbolla þegar heim er komið.



Vikan á...

facebook



Cristiano Ronaldo
Did you see Portugal's 3-1 WIN yesterday? We sure heated things up in Iceland!

13. október kl. 12:00



Logi Geirsson
Jæja kærur lesendur "10.10.10" væri hægt að fá einhver viðbrögð þeirra sem væru byrjaðir eða búnir ??? ;)

12. október kl. 21:25



Ásdís Rán
fær múttu í heimsókn til Munich í dag, loksins! hún kemur færandi hendi með íslenskt nammi, lamba-fille og auðvitað Sjálfstætt fólk ;) veisla hjá mér í kvöld...

12. október kl. 08:50



Gylfi Þór Sigurðsson
Commmooooon.. Erum a leidinni a EM!!!

11. október kl. 21:23



Egill Gillz Einarsson
Ronaldo mættur á klakann, handjárníð konurnar ykkar við ofninn heima næstu daga!

10. október kl. 23:18

Feitast í blaðinu

Poppunktur frægra og fallegra hefst með viðureign Friðriks Dórs og Steinda Jr. >>6

Eyþór Ingi vann Bandið hans Bubba. Nú rokkar hann í Rocky Horror. >>8

Airwaves-aukablað með öllu sem þú þarft að vita og viðtölum við böndin. >>9

Órói er frumsýnd um helgina. Monitor spjallaði við leikarana í myndinni. >>17

Framtíðin sem aldrei varð. Tækni-undur sem okkur voru lofuð en aldrei urðu. >>21

Efst í huga Monitor

Airwaves beint í æð

Búið er að flauta til leiks á Airwaves 2010. Í þessu tölublaði er að finna aukablað um þessa mögnuðu hátíð þar sem finna má dagskrá Airwaves, viðtöl við hljómsveitir og listamenn, myndir frá fyrri hátíðum og ýmislegt fleira.

Það verður margt um manninn í miðbæ Reykjavíkur og þær þúsundir sem leggja leið sína á hátíðina eiga mikla veislu í vændum, enda er dagskráin glæsileg. Þeir sem nældu sér ekki í armband á hátíðina þurfa þó ekki að örvænta enda eru svo margir „off venue“ viðburðir að hægt er að setja saman stórskemmtilega helgi með þeim einum.

Hvort sem þú ert á leið á Airwaves eða ekki mælum við eindregið með því að þú fylgist vel með Monitor á mbl.is um helgina. Þar



ULTRA MEGA TEKNÓBANDIÐ STEFÁN HELDUR STUÐINU UPP!



KÍKTU Á ICELAND AIRWAVES DAGSKRÁNA Í MIÐJU BLAÐSINS

ætluð við að vera með sérstakan Airwaves-vef þar sem nálgast má myndaveislur, videoinnsög og tíst frá hátíðinni. Þannig geta allir þeir sem komast ekki á hátíðina nælt sér í góðan skammt af Airwaves-stemningu.

Rokk og ról!

Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) Umbrot og hönnun: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Gunnþórunn Jónsdóttir (gunnthorunn@monitor.is) Haukur Johnson (haukurjohnson@monitor.is)

Sígn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is) Auglýsingar: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Forsíðuteikning: Helgi Sig

Grafik: Elín Esther Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569-1136 Netfang: monitor@monitor.is



Allir sækja í munnagælur

„Viðbrögðin voru rosalega góð,“ segir Hákon Hildibrand sem hefur undanfarnar vikur staðið fyrir námskeiðum þar sem hann kennir konum að fullnægja karlmönnum og gefa góðar munnagælur. Monitor fjallaði um Hákon í síðustu viku og segir hann fjölda fyrirspurna hafa aukist. „Ég hef fengið gífurlegan fjölda fyrirspurna eftir þetta og fullt af bókunum,“ segir Hákon en stór markaður er greinilega fyrir kennslunni. „Það er nóg að gera í þessu,“ segir hann en hingað til hafa eldri konur aðallega sett sig í samband við Hákon. „Hlutfallslega séð fengum við stærra hlutfall af yngri dómum miðað við hvernig þetta hefur verið áður,“ segir Hákon en í myndbandi sem Monitor tók af honum fyrir mbl.is sagði hann að yngri konur viðurkenndu síður vanþekkingu sína þegar kemur að munnagælum. „Þær hafa greinilega tekið þetta til sín.“



Gyljarður og félagar hans

Frækilegt afrek íslenska U21-landsliðsins, að komast í lokakeppni EM, hefur gert það að verkum að leikmenn liðsins eru komnir í dýrlingatölu á Íslandi. Hetja liðsins er að sjálfsgöðu markaskorarin Gylfi Sigurðsson, sem Monitor vill að verði hér eftir kallaður Gyljarðurinn eftir að hann var keyptur á rúman milljarð íslenskra króna til þýska liðsins Hoffenheim.

Afrok strákanna hefur líka vakið athygli erlendis. Á íþróttavef BBC skiptast skoskir knattspyrnuendur á skoðunum um leikinn. „Það er engin skömm að því að tapa fyrir liði eins og því íslenska,“ skrifar einn og annar ritari. „Framtíð skoska liðsins er björt, en ekki næstum því jafn björt og framtíð íslenska liðsins.“ U21-liðið hefur gert það að verkum að við getum aftur farið að vera stolt af því að vera Íslendingar.

TJARNARBÍÓ

FIM. FÖST. LAUG.

Iceland Airwaves
Nánar á www.icelandairwaves.is

FIM. Silesian/ÍD [id]
Colorblind/Singletrack
Nánar á www.tjarnarbio.is

LAUG. „Allt fyrir mixið“
Dj-græjukynning
Nánar á www.tjarnarbio.is

SUN. Tónleikar:
Hrólfur Jónsson
Nánar á www.tjarnarbio.is

Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15 Sími: 527 2100 www.midl.is

KAFFIHÚSIÐ MAJONES
opið alla daga frá kl. 8-23



POPPUNKTUR fræga og fallega fólksins

Friðrik Dór og Steindi Jr. mætast í fyrstu viðureigninni í átta liða úrslitum



1. Hver samdi The Wiggle wiggle Song fyrir Haffa Haff í Eurovision 2008?
2. Jóhann Helgason og Helga Möller eru í hljómsveitinni...?
3. Hvað heitir KK í raun?
4. Hver þessara hljómsveita spilar ekki á Airwaves í ár – Everything Everything, Hurts, Smokie eða Bombay Bicycle Club?
5. Hver sló í gegn með Livin' La Vida Loca?
6. Á hvaða spilaði Rúnar Júl í Hljómum?
7. Eftir hvern er lagið Umboðsmenn drottins sem Ný dönsk tók nýlega upp á arma sína?
8. Hvað hefur Paris Hilton gert margar sólóplötur?
9. Hver var kosinn poppstjarna Íslands 1969?
10. Upp á hvaða afmæli hélt Páll Óskar fyrr á þessu ári?
11. Ó Reykjavík er frægasta lag hvaða hljómsveitar?
12. Með hvaða bandi söng Rassi Prump lagið The One?

FRÍÐRIK DÓR

1. Svala Björgvins.
2. Hún heitir örugglega Smile eða eitthvað álíka. Ég veit það ekki.
3. Kristján Kristjánsson.
4. Smokie.
5. Það var samkynhneigði guðinn Ricky Martin.
6. Bassa.
7. Ég veit það ekki.
8. Eina.
9. Var það ekki bara Björgvin Halldórssón.
10. 40 ára.
11. Morðingjarnir eða eitthvað?
12. Með Trabant.

9
RÉTT

„Tók þetta á innsæinu“

Friðrik Dór var öllu ánægðari en Steindi enda hlaut hann níu stig og vann öruggan sigur. „Ég tók þetta bara á innsæinu. Ég hef alltaf haft svo gott náttúrulegt innsæi og það vísaði mér á réttu svörin,“ sagði Friðrik Dór duldarfullur að keppni lokinni. Hann er kominn í undanúrslit og segir ekkert annað koma til greina en að fara alla leið. „Ég stefni að sjálfsgöðu á að taka gullið,“ sagði Friðrik Dór ákveðinn.

„Mér finnst gott hjá strákunum að segja að Helga og Jóhann hafi verið í Smile eða Regndropunum, fin nöfn á hljómsveitum. En mér finnst dálítið leiðinlegt að sjá að strákarnir þekki ekki hljómsveitina Vonbrigði. Það þýðir reyndar bara það að ég er gamalmenni!“

NÝJA POPPPUNKTSSPILID ER VENTANLEGT Í VERSLANIR Í NÓVEMBER.

STEINDI JR.

1. Ég ætla að segja Þorvaldur Bjarni. Semur hann ekki allt fyrir forkeppni Eurovision?
2. Hljómsveitin heitir Regndroparnir.
3. Kristján Kristjánsson.
4. Það er Hurts.
5. Homminn Ricky.
6. Hann var á bassa.
7. Þetta gæti verið hver sem er. Skjótum á Magga Kjartans.
8. Hefur hún ekki bara gert eina plötu?
9. Ég ætla að segja Bjartmar Guðlaugs. Að mínu mati hefur hann alltaf verið helsta poppstjarna Íslands.
10. Fertugs.
11. Pass. Hvað er að fréttu með þessar spurningar?
12. Strigaskóm númer 42.

5
RÉTT

„Biðst afsökunar á þessari frammistöðu“

Steindi Jr. var hundóánægður eftir keppnina og tók tapinu illa, enda skammarleg frammistöðu hjá grínistanum. „Ég er mjög ósáttur við þessa keppni. Ég er ósáttur við Dr. Gunna, ég er ósáttur við ritstjóra Monitor og á heildina bara mjög ósáttur,“ sagði Steindi. Hann vildi meina að brögð hefðu verið í tafla. „Það er 100% öruggt að Friðrik Dór hefur verið á Google allan tímann,“ sagði Steindi og bætti við: „Þetta hittir líka þannig á mig að ég er mjög lítil í mér og logandi hræddur við allt. En ég biðst afsökunar á þessari frammistöðu“

Tæknibylting fyrir tónleikagesti

Ring býður upp á ýmislegt til að auðvelda gestum hátíðarinnar lífið.

Tónleikagestir Iceland Airwaves í ár geta fylgst með röðum í gegnum símann, notað smáforrit sem leiðir þá á rétta tónleikastaði, fengið áminningu í farsímann áður en tónleikar hefjast og fleira með tækni sem verður í boði undir merkjum Ring. „Þetta er alveg massíft sniðugt,“ segir Einar Ben, markaðssérfræðingur hjá Ring. „Við erum ekkert að finna upp hjólið en kannski að taka þekkingu sem er til staðar og auka upplifun og þægindi með henni.“

Tækni byggist á því að tónleikagestir geti notað símann sinn til að auðvelda sér hina ýmsu hluti á hátíðinni. Til dæmis hefur myndavélum verið komið upp í bænum en hægt er að skoða hvort mikil röð sé fyrir utan næsta áfangastað. „Það er ómurlagt að vera á eðltonleikum, ætla að fara eitthvert annað til þess eins

að lenda í svakalegri röð þar,“ segir Einar, en raðir geta oft verið vandamál sökum þess að sumir viðburðir hátíðarinnar eru vinsælli en aðrir.

Forvitnileg tækni sem nefnist Layer verður einnig á boðstólnum fyrir tónleikagesti sem rata illa í miðbæ Reykjavíkur. „Þeir sem þekja ekki hvar staðirnir eru geta kveikt á Layer, séð hversu langt er í staðinn, hvernig á að komast þangað og hvað er að gerast þar,“ segir Einar og bætir við að þessi tækni hefur notið mikilla vinsælda erlendis. „Þetta hefur verið notað á Hróarskeldu og Glastonbury að minnsta kosti undanfarin ár,“ segir Einar og vonast til að Íslendingar verði einnig duglegir við að nýta sér þessa aðgengilegu möguleika. „Eina sem þarf er að vera með 3G í símanum því þjónustan er fyrir alla, ekki bara fyrir Ring eða Símann.“



Mynd/Árni Sæberg

EINAR BEN BOÐAR ÞÆGINDI FYRIR GESTI ICELAND AIRWAVES

HVAÐ ER Á BOÐSTÓLNUM?

Áminningar Ef þú ert í stressi að missa af einhverju geturðu fengið SMS í símann þegar þitt band er að stíga á svið.
Allt sem þú vilt vita Á hverjum tónleikastað er svokallaður QR kóði. Skannaðu kóðann og fáðu dagskrána á þeim stað beint í símann.
Raðirnar í beinni Vefmyndavélur við helstu tónleikastaðina sýna þér ástandið svo þú eyðir sem minnstum tíma í röð.
Upphitun Hitaðu upp fyrir hátíðina og hlustaðu á Best of Airwaves og alla listamennina sem spila á Airwaves 2010 í símanum eða uppi í sófa heima.
Áttaviti framtíðarinnar Hvar ertu? Hvaða staður er þetta? Hverjir eru að spila? Láttu Layer vísa leiðina.

RÉTT SVÖR 1. Svala Björgvins 2. Þú og ég 3. Kristján Kristjánsson 4. Smokie 5. Ricky Martin 6. Bassa 7. Jakob Friðmann Magnússon 8. Eina 9. Björgvin Halldórssón 10. Fertugs 11. Vonbrigði 12. Trabant

Myndir/Emir

KUREN

ÞÆGILEG LEIÐ TIL AÐ HREINSA LÍKAMANN Á 10 DÖGUM

Aðeins
2
dagar eftir!

Er buxnastrængurinn þröngur eftir sumarið og efsta talan óhneppt?

KUREN 10 daga hreinsikúr (detox)* hefur hjálpað fjölmörgum að minnka mittismálið, efla meltingu og bæta dagsformið.

*Ekki þarf að breyta um mataræði á meðan 10 daga KUREN hreinsikúr stendur en þeir sem vilja léttast er bent á að borða reglulega léttan og ferskan mat. Auðvelt blandið 25 ml. út í stórt glas af vatni og drekkið fyrir morgunmáltíð.



25%
afsláttur



Innflutningsaðili:  **Gengur vel** ehf.

Við bjóðum **25% afslátt af KUREN** frá 1-15 október (ef birgðir endast) á eftirfarandi sölustöðum:

Hagkaup, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Apótekarinn, Skipholtsapótek, Lyfja, Apótekið, Heilsuhúsið, Apótek Hafnarfjarðar, Apótek Ólafsvíkur, Lyfjaver/Heilsuver, Apótek Vesturlands, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Laugarnesapótek, Lyfjaval, Reykjavíkurapótek, Ríma Apótek, Siglufjarðarapótek, Vöruval Vestmannaeyjum



Eyþór Ingi Gunnlaugsson leikur í Rocky Horror Show hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann ræddi við Monitor um leiklistina, söngferilinn, Bandið hans Bubba, athyglisbrest, lesblindu og framtíðina.

Mamma sat með mér í skólanum alveg fram í 5. bekk til að hjálpa mér að fylgjast með.

Það þýðir ekkert að slaka á

„Ég fíla mig í tætlur í þessu hlutverki,“ segir Eyþór Ingi Gunnlaugsson, en hann fer með hlutverk þjónsins Riff Raff í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á söngleiknum The Rocky Horror Show um þessar mundir. Hann átti þó upphaflega að fara með hlutverk Rocky í sýningunni en endaði sem hinn söngelski krypplingur. „Kannski fannst þeim ég ekki geta leikið hinn fullkomna karlmann og settu mig í hlutverk krypplings eftir að þau sáu mig beran að ofan,“ segir Eyþór hæstánægður með hlutverkaskiptin. „Þetta hlutverk er algjör draumur því mér finnst vera svo margir eiginleikar í Riff Raff sem höfða vel til mín sem leikara.“

Mamma með í skólanum

Eyþór steig sín fyrstu skref sem leikari 14 ára gamall en hann hefur alltaf stefnt á að verða leikari. „Ég man fyrst eftir mér í leikskóla þar sem ég hélt að ég væri Elvis Presley eða Laddi,“ segir Eyþór en segist ekki hafa náð Presley nógu vel sökum vondrar enskukunnáttu. „Ég hef aldrei verið góður námsmaður enda lesblindur og með athyglisbrest,“ segir Eyþór en hann var snemma greindur með hvort tveggja. „Það átti að setja mig á lyf við athyglisbrestinum en mamma tók það ekki í mál,“ segir hann en móðir Eyþórs tók til sinna ráða við greininguna. „Mamma sat með mér í skólanum á hverjum degi alveg fram að 5. bekk til að hjálpa mér að fylgjast með,“ segir Eyþór en hann skipti um skóla 10 ára gamall. „Ég var færður yfir í sveitaskóla þar sem voru mun færri krakkar og þá gekk þetta allt betur.“

Gleymdi jakkafötunum á biðskyldu

Athyglisbresturinn hefur ekki háð Eyþóri á fullorðinsárnum. „Þetta kemur helst fram í einhverjum kjánaskap og seinagangi í dag,“ segir Eyþór en bætir við að hann sé stundum verulega utan við sig. „Ég var til dæmis að fara að spila um daginn og var að bíða eftir að vera sóttur,“ segir Eyþór en hann hélt á rándýrum jakkafötum er hann beið. „Síminn hringdi rétt áður en bíllinn kom,“ segir hann en tveimur tímum seinna gerði Eyþór sér grein fyrir að jakkafötin voru ekki með í för. „Ég þurfti að leita út um allan bæ að jakkafötunum og eftir mikla leit fann ég jakkafötin þar sem þau héngu á biðskyldumerki sem ég hafði beiðið hjá,“ segir Eyþór sem taldi sig stálheppinn þennan dag. „Ég var heppinn með veður svo það var sem betur fer allt í lagi með jakkafötin.“

Aldrei haft gaman af raunveruleikabáttum

Tónlistin hefur lengi átt hug Eyþórs en hann er líklega best þekktur fyrir þáttöku sína í þættinum Bandið hans

RIFF RAFF

Eyþór Ingi leikur þjóninn **Riff Raff** í Rocky Horror Show um þessar mundir en sýningin hefur verið sett áður upp á Íslandi. Menntaskólinn við Hamrahlíð setti söngleikinn til dæmis upp árið 1991 og þá fór tantraspekingurinn **Guðjón Bergmann** með hlutverk Riff Raff. Sýningin var einnig sett upp í Loftkastalanum árið 1995 og fór þá enginn annar en **Björn Jörundur Friðbjörnsson** með hlutverkið eftirsóttu.



Bubba sem var sýndur árið 2008, þar sem hann fór með sigur af hólmi. „Fólkið hjá Saga Film hafði samband við mig og bað mig um að taka þátt,“ segir Eyþór um tilkomu þátttöku sinnar í keppninni, sem var fyrir algjöra tilviljun. „Ég hef aldrei haft gaman af raunveruleikabáttum, með fullri virðingu fyrir þeim,“ segir hann en Eyþór vildi þó ekki skorast undan eftir að Bubbi sjálfur kom til hans í vinnuna. „Hann kom í vinnuna til mín og bað mig um að taka þátt,“ segir Eyþór en Bubbi bað Eyþór um að taka eitt lag á gítarinn fyrir framan myndavélarnar. „Ég spilaði eina lagið sem ég kunní og var komin inn í keppnina áður en ég vissi af.“ Eins og áður sagði sigraði Eyþór keppnina með pompi og prakt og er í heildina litíð ánægður með að hafa tekið þátt. „Vissulega var þetta svaka ævintýri og hrikalega krefjandi og hefur opnað fyrir mér margar dyr,“ segir Eyþór en hann hefur þó ekki verið mikið í sviðsljósinu síðan. „Ég er kannski ekkert búinn að vera í sjónvarpinu eða útvarpinu en er samt búinn að vera á fullu í að skemmta í veislum og spila á böllum og tónleikum,“ segir hann og bætir við að þátttaka sín í þættinum hafi orðið til þess að hann var kallaður í prufur fyrir Rocky Horror.

Sólóplata á leiðinni

„Ég er búinn að vinna mikið sem skemmtikraftur undanfarin ár,“ segir Eyþór en hann er núna byrjaður að vinna meira í tónlistinni. „Núna er ég loksins að byrja að vinna í sólóplötu sem er gaman því ég hef ekkert verið að gera fyrir sjálfan mig undanfarin ár,“ segir Eyþór en veit þó ekki hvenær sú plata mun koma út. „Ég er búin að vinna í sólóplötunni lengi og er með mikla fullkonnunaráráttu þegar kemur að tónlist og leiklist.“ Eyþór er því ekki nær hætturnar í skemmtanabransanum og stefnir hátt. „Í þessum heimi er mikilvægt að gefast ekki upp og halda áfram,“ segir hann. „Ég á enn eftir að gera margt svo það þýðir ekkert að slaka á.“



EYÞÓR ER VEGAST SAGT ÓFRÍÐUR SEM RIFF RAFF



PERSÓNUR Í ROCKY HORROR AÐ GÆÐA SÉR Á MANNAKJÓTI

ICELAND AIRWAVES

70

13.-17. OKTÓBER



RETRO STEFSON ER SAMHEITALYF FYRIR HVADA GLEÐIPILLUR SEM ER

„Allir öskrandi og fólk kallar nafnið manns“

Retro Stefson var að gefa út nýja plötu. Sveitin er konungur gleðinnar og Airwaves hennar ríki.

Meðlimir Retro Stefson eru sjö talsins og á meðal þeirra yngstu sem stíga á stokk á Airwaves. Þrátt fyrir það eru fáar sveitir sem státa af meiri reynslu af hátíðinni, en Retro Stefson spilar í ár á sinni fimmtu Airwaves-hátíð í röð. „Þetta verður flott sjón. Við ætlum bara að hafa þetta einfalt, það virkar best hjá okkur,“ segir Unnsteinn Manuel Stefánsson, forsprakki sveitarinnar.

Hann rifjar upp tónleika sveitarinnar á hátíðinni 2007 sem gengu að hans sögn hræðilega. „Maður er mest að spila á litlum stöðum á Íslandi allt árið um kring. Svo kemur maður á Airwaves og það eru allir öskrandi og fólk kallar nafnið manns. Þá getur maði færst fullmikið í fang,“ segir Unnsteinn og bætir við: „Við þyrftum á 2007-ævintýrinu að halda.“ Það er greinilegt að fall er fararheill því Retro Stefson á nú að baki einhverja best heppnuðu tónleika síðustu tveggja hátíða.

Flytjum bara til Kímbabve

Önnur plata Retro Stefson lítur dagsins ljós í þessari viku og ber hún hið skemmtilega heiti Kímbabve. „Nafnið varð til eftir að skemmtistaðnum Karamba var lokað. Við vorum öll að vinna þar og þegar staðnum var lokað töluðum við um að við þyrftum að flytja eitthvert burt og grínuðumst með að við ættum að fara til Kímbabve, sem hljómaði svolítið eins og örnefni,“ segir Unnsteinn til útskýringar á nafninu.

Fyrsta plata Retro Stefson, Montana, kom út fyrir tveimur árum og hlaut góðar viðtökur. „Við erum búin að vera að spila svolítið í útlöndum og vonum að þessi fleyti okkur eitthvað lengra en sú fyrri gerði,“ segir Unnsteinn. Montana innihélt texta á mörgum tungumálum, en tungumálin eru færri á nýju plötunni. „Það eru tvö lög á íslensku. Það er alltaf smá hræðsla við að semja íslenska texta

ROME, IOWA

Á Kímbabve er að finna lag sem ber heitið Rome, Iowa en það er nafn á bæ í Bandaríkjunum. „Það er enginn texti í laginu og mig vantaði flott nafn. Helmingurinn af laginu er hálfgerð ítaladískó og hinn er þungarokk í anda Slipknot, sem kemur frá Iowa. Þegar ég fann nafnið á þessum bæ var þetta engin spurning,“ segir Unnsteinn.

og það var stórt skref fyrir mig að gera það,“ segir Unnsteinn. Flest löggin eru þó á ensku.

Krakkarnir úr kláminu í YouTube

Unnsteinn segir að stefnan sé tekin á að halda flotta útgáfutónleika eftir að Airwaves lýkur. Þá stendur til að gera tónlistarmyndbönd. „Okkar kynslóð hefur farið úr því að vera klámkynslóð yfir í að vera YouTube-kynslóð. Plötusala hefur farið svolítið forgörðum og maður sér það þegar maður er að spila að krakkarnir eru að syngja með lögnum sem hafa verið á YouTube,“ segir Unnsteinn.

Á þriðja hundrað hljómsveitir og listamenn koma fram á Iceland Airwaves.

Iceland Airwaves fór fyrst fram fyrir 11 árum, árið 1999.

Fyrsta Iceland Airwaves fór fram í flugskýli á Reykjavíkurflugvelli.

70 erlendir listamenn og hljómsveitir koma fram á Iceland Airwaves.

5.000 miðar hafa verið seldir á Iceland Airwaves í ár.

Hljómsveitir og listamenn á Airwaves koma frá á öðrum tug landa.

Um 20 tónleikastaðir hýsa off-venue tónleika í tengslum við Iceland Airwaves í ár.

Rolling Stone tímaritið kallaði Iceland Airwaves svölustu löngu helgi ársins á tónlistar-hátíðardagatalinu.

Öll Norðurlöndin eiga fulltrúa á Iceland Airwaves. Líka Grænland.

2.300 erlendir gestir koma til landsins vegna Iceland Airwaves.

400 blaðamenn koma til landsins vegna Iceland Airwaves.

760 milljónir íslenskra króna eru taldar munu flæða inn í landið í formi erlends gjaldeyris vegna Iceland Airwaves.

Um 180 íslenskir tónlistarmenn og hljómsveitir koma fram á Iceland Airwaves.

Vesen að ná öllum á æfingar

Hljómsveitarmeðlimir í hinni fjórugu **Orphic Oxtra** eru fjórtán talsins

Er ekkert erfitt að húa í meðlimi á æfingar? Það getur stundum verið mikið vesen. Ég sendi yfirleitt bara sms af netinu á alla og vona að allir mæti. Reyndar er allt í lagi þó það æfi ekki alltaf allir saman því við erum svo mörg og getum unnið í ýmsu þó það vanti einn eða tvo.

Það hlýtur að vera erfitt að komast öll á sviðið. Er þetta eins og að spila Tetris? Stundum hefur verið mikið mál að koma okkur fyrir. Ég spiludum til dæmis um daginn á Hemma og Valda og þurftum þá að púsla okkur út í eitt horn staðarins. Það gekk samt mjög vel.

Myndirðu segja að þið væruð einskonar skólahljómsveit Listaháskóla Íslands? Ég myndi nú kannski ekki orða það þannig, þó við séum mörg þaðan.

Af hverju ekki bara rokkhljómsveit? Okkur fannst sniðugt að stofna hljómsveit sem spilaði Balkan tónlist. Við erum reyndar ekki alveg jafn hefðbundin og við ætluðum að vera, það er meira spunaíaf yfir þessu hjá okkur.

Fara vinsældir Balkan tónlistar vaxandi? Við höfum alltaf fengið mjög góðar viðtökur en ég hef ekki tekið eftir miklum vinsældum Balkan tónlistar. Saxófónleikarinn Haukur Gröndal stendur sig líka vel í að halda uppi merkjum Balkan tónlistarinnar á Íslandi.

Hvað er framundan hjá Orphic Oxtra? Fyrsta platan okkar kemur út eftir Airwaves en hún verður gefin út í pre-release á hátíðinni. Við erum byrjuð að semja nýtt efni og erum að spila á fullu. Svo sjáum við bara hvað framtíðin ber í skauti sér.



FIM KL. 18 Á REYKJAVÍK DOWNTOWN HOSTEL OG KL. 20 Í KRON KRON. FÖS KL 17 Í BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR OG KL. 19 Á HEMMA OG VALDA. LAU KL. 13:35 Í NIKITA. SUN KL. 20 Á NASA.

ORPHIC OXTRA
 Stofnuð: Haustið 2009.
 Airwaves reynsla: Engin.
 Meðlimir: Árni Guðjónsson (túba / píano), Bergrún Snæbjörnsdóttir (althorn), Finnur Karlsson (barít-ónhorn), Gunnar Gunnsteinsson (bassi), Halldór Smárason (píano / harmónika), Halldór Sveinsson (flöla), Haukur Þór Harðarson (básúna), Helgi Rúnar Heiðarsson (saxófónn), María Ósp Ómarsdóttir (flauta), Sigrún Jónsdóttir (klarinnett), Óskar Kjartansson (trommur), Petter Ekman (trompet), Ragnhildur Gunnarsdóttir (trompet) og Jóhannes Þorleiksson (trompet).
 Plötur: Fyrsta platan, Orphic Oxtra, verður gefin út í pre-release á Iceland Airwaves.
 Þrjú góð lög: Ekki núna, Adrian og Orphic Sketchar.

Hvor myndi vinna í bardaga, Batman eða Súperman? Ég held að þeir hafi barist í einhverri teiknimyndasögu og þá vann Batman og Súperman varð eitthvað geðveikur, svo ég myndi veðja á Batman.

Hvað eigið þið margar grúppur? Ég held þær séu engar.
 Ætlið þið að senda inn lag í Júrónisjón? Það er aldrei að vita en ég tel það samt mjög ólíklegt.
 Draumagiggid? Á einhverri stórrí tónlistarhátíð í útlöndum.

FIM KL. 15 Í BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR OG KL. 19 Á BAR 11. FÖS KL. 17 Á HEMMA OG VALDA. LAU KL. 22:30 Í RISINU.



Kem ekki nakinn fram

Snorri Helgason spilar poppaða og lífsglaða tónlist með röddina og kassagítarinn að vopni.

Saknarðu Sprengjuhallarinnar? Já, ég myndi segja það.
 Erud þið á leiðinni með endurkomu? Það er ekkert í bígerð núna. Við erum allir að vinna í eigin efni. Ég bý í London núna og annar okkar býr í Montreal svo það er ekkert að fara að gerast núna, þó það væri vissulega gaman.

Hvaða fimm orð lýsa tónlist þinni best? Popp, kassagítar, lífsgleði, ást og hlýja.
 Er auðveldara að semja texta á ensku? Mér finnst í raun og veru ekkert auðveldara að semja á ensku en stundum passar það bara betur. Ég er reyndar búinn að semja mikið á íslensku undanfarið svo þetta verður líklega eitthvað blandað á næstu plötu.

Ætlarðu að meika það? Ég veit það ekki alveg. Ég er núna að reyna að lifa á þessu og gera eitthvað sniðugt.
 Ertu búinn að spila mikið í útlöndum? Já, ég er búinn að spila mikið úti í London og svo er ég að fara til Kanada í næstu viku að spila á nokkrum tónleikum. Ég vil helst reyna að spila eins mikið og ég get.

Notarðu eitthvað annað nafn þar eins og stelpurnar í The Charlies? Ég er ekki svo töff.
 Eiga útlendingar ekki erfitt með að bera fram nafnið þitt? Þeir eiga erfitt með það en þetta er ekkert miðað við þegar ég var í Sprengjuhöllinni. Þeir áttu ekki sjéns í það nafn.
 Hvor er feitari, fill eða flóðhestur? Ætli það sé ekki fillinn, ekki viss.
 Hefurðu ihugað að koma nakinn fram? Nei, ég get ekki sagt það. Það heillar mig ekki.
 Draumagiggid? Spila með hljómsveitinni Blur.


SNORRI HELGASON
 Hóf sólóferil: Árið 2009.
 Airwaves reynsla: Fjórum sinnum á Airwaves með Sprengjuhöllinni.
 Plötur: I'm Gonna Put My Name On Your Door (2009).
 Þrjú góð lög: Freeze-out, Don't Let Her og Ólán.

Strákamir í Endless Dark eru spennandi nýliðar.

Þið eruð sexburar? Reyndar ekki, en ég, Viktor og Egill erum reyndar bræður. Hinir þrír eru ekkert skyldir okkur.
 Hvað er það besta við að búa á Snæfellsnesi? Kyrrðin og friðurinn sem ríkir þar.
 Er þungarokkið vinsælt þar? Nei, við vorum allavega eina þungarokkssveitin þar fyrir ári síðan. Við erum tvímælalaust svona trendsetterar því núna hafa fleiri bæst í hópinn.

Þurfa áhorfendur að hræðast ykkur? Alls ekki, það er mjög spennandi að sjá okkur spila. Við reynum að leyfa áhorfendum að vera mikið með á tónleikum.
 Eigið þið ykkur engar mýkri hliðar? Algjörlega. Ég hlusta til dæmis ekki mikið á þungarokk heldur er meira fyrir 80's popprokk eins og til dæmis hljómsveitirnar a-ha og Tears For Fears.

Verðurðu Viktor söngvari aldrei há eftir tvö lög og þarf að hætta? Það hefur sem betur fer ekki komið fyrir ennþá. Hann var samt einu sinni mjög veikur fyrir tónleika hjá okkur en við ákváðum engu



ENDLESS DARK
 Stofnuð: Árið 2006.
 Airwaves reynsla: Engin.
 Meðlimir: Viktor Sigursveinsson (söngur), Atli Sigursveinsson (gítar), Guðmundur Haraldsson (gítar), Rúnar Sveinsson (trommur), Hólmgeir Leó Aðalsteinsson (bassi) og Egill Sigursveinsson (hljómborð).
 Plötur: Ónefnd plata á leiðinni.
 Þrjú góð lög: Cold Hard December, Fading From You og Creature.

ég best Joey því hann var með Tomma og Jenna húmorinn, svo þegar ég varð aðeins eldri uppgötvaði ég kaldhæðnina og þá var Chandler myndnastur. Stelpurnar eru allar myndnar en mér finnst Ross langmyndnastur núna því hann er með þroskaðasta húmorinn.
 Hvort eru hvolpar eða kanínungar krúttlegri? Mjög erfitt val en þar sem ég hef sjaldan eða aldrei séð kanínuunga verð ég að segja að hvolpar séu krúttlegri.
 Draumagiggid? Að spila með Underøath á stórrí tónleikahátíð. Það væri geðveikt.

Þungarokkarar með þroskaðan húmor

Verðum rokkaðri í ár

FÖS KL. 22:30 Á NASA.
LAU KL. 19:30 Á KAFFIBARNUM.



HJALTALÍN

Stofnuð: Árið 2004.

Airwaves reynsla: Reynsluboltar.

Hafa spilað fjórum sinnum.

Meðlimir: Axel Haraldsson,

Grímur Helgason, Guðmundur

Óskar Guðmundsson, Hjörtur

Ingvi Jóhannsson, Högni Egilsson,

Rebekka Björnsdóttir, Sigríður

Thorlacius, Viktor Orrí Árnason og

Þorbjörg Daphne Hall.

Plötur: Sleepdrunk Seasons

(2008) og Terminal (2009).

Þrjú góð lög: Suitcase Man, Song

From Incidental Music og þú

komst við hjartað í mér.

Þú söngst með hljómsveitinni **Boys In A Band**. Ég stofnaði þá hljómsveit árið 2006 og var í henni alveg þangað til ég flutti til Íslands. Þeir eru held ég hættir líka en ég er ekki alveg viss.

Hvaða litur myndi lýsa Zach & Foes best? Þetta er erfið spurning en ég held ég verði að segja blóðrauður.

Er íslenska tónlistarlífð meira spennandi en það færeyska? Það fer eftir því hvernig er litið á það.

Margar efnilegar hljómsveitir eru í Færeyjum og mjög skemmtilegir listamenn þar. Á Íslandi er samt miklu meira að gerast einhvern veginn. Það eru fleiri tækifæri hérna og auðveldara að koma sér á framfæri.

Hvernig kannstu við þig á Íslandi? Bara mjög vel. Ég hef fengið mjög hlýjar móttökur hjá Íslendingum enda þykir þeim held ég vænt um Færeyinga.


Hvernig hefur Brandur Enni það? Hann hefur það bara fint og býr í Svíþjóð. Ég þekki hann reyndar ágætlega og í sumar var hann að reyna við kærustuna mína. Ég sagði honum bara að hætta þessu en hann sendi henni nýju plötuna sína um daginn svo hann gefst ekki upp. Hann er samt mjög finn gaur.

Hvað ertu að gera fyrir utan tónlistina? Ég er að vinna í Smáraskóla eins og stendur. Ég hef samt unnið sem tónlistarmaður síðustu fimm árin og langar að halda áfram. Ég ákvað snemma að fara í tónlistina.

Draumagiggið? Ég er búinn að fara á Hróarskeldu á hverju ári síðan ég var 16 ára gamall svo draumagiggið er að spila á stærsta sviðinu á Hróarskeldu með Zach & Foes. Ég hef reyndar spilað á Hróarskeldu áður en stóra sviðið er draumurinn.

Íslendingum þykir vænt um Færeyinga

Pætur Zachariasson er söngvarinn í Zach & Foes sem heldur sitt fyrsta gíg á hátíðinni um helgina.



FIM KL. 15:30 Í SJOPPUNNI.
FÖS KL. 00:10 Á AMSTERDAM.

ZACH & FOES

Stofnuð: Í sumar.

Airwaves reynsla: Meðal-góð. Hafa allir spilað áður með öðrum hljómsveitum.

Meðlimir: Pætur Zachariasson, Egill Órn Rafnsson, Birkir Rafn Gíslason og Björgvin Ívar Baldursson.

Plötur: Ein óútgefin á leiðinni.

Tvö góð lög: Back To Egypt og Tears To Cry.

Frikirkjutónleikar Hjaltalín slógu svo sannarlega í gegn í fyrra en það verður meira fútt í þeim núna.

Hvernig hefur gengið að fylgja henni eftir? Það hefur gengið ágætlega. Við höldum tónleika með Sinfóníu Íslands í sumar og það var mjög flottur lokapunktur hjá okkur í spilamennskunni. Við fengum talsverða umfjöllun og þeir tónleikar tóku svona saman heildarmyndina hjá okkur.

Eruð þið búin að spila mikið úti? Talsvert. Við erum búin að spila mikið í Evrópu á þessu ári.

Hvernig lítur veturinn út hjá ykkur? Við ætlum að gefa út tónleikana með Sinfóníunni á geisladisk og DVD núna um jólin. Svo erum við að fara að spila í London og í Þýskalandi í nóvember og desember. Annars verðum við öll á miklu flakki í vetur. Í febrúar og mars ætlum við að reyna að túra almennilega um Evrópu en þangað til vinna í nýju efni.

Ertu með góð ráð fyrir nýliða á Airwaves sem reynslubolti? Ekki biða í röðum að óþörfu. Ef það er löng röð að bara fara á einhverja staði, það er nóg í boði. Endilega fara á staði sem maður er ekki vanur að fara á, til dæmis verður mjög spennandi að fara í Tjarnarbió í ár því það er nýbúið að gera það upp. Oft er það þannig að útlensku böndin eru ekkert endilega áhugaverðari en þau íslensku.

Þið spiluðu í Frikirkjunni í fyrra. Það var frábært og mjög góð stemming á þeim tónleikum. Við vildum fá að spila með kammersveit á aðeins öðruvísi tónleikum og þetta kom alveg ótrúlega vel út. Það væri gaman að reyna eitthvað svona aftur.

Verðið þið rokkaðri í ár? Já, það verður meira fútt í þessu núna. Við ætlum líka að frumflytja ný lög svo þetta verður mjög skemmtilegt.

Draumagiggið? Ég held að draumagiggið hafi orðið að veruleika núna í sumar. Að fá sífóníuhljómsveit til að flytja verk eftir sig fyrir þrjú þúsund gesti var algjör draumur.

LÁRA RÚNARS

Byrjaði: Árið 2003.

Airwaves reynsla: Reynslubolti.

Hefur spilað fjórum sinnum.

Plötur: Standing Still (2003),

Þögn (2006) og Surprise (2009).

Þrjú góð lög: In Between, Bored

og Þúsund fjöll.



FIM KL. 16:30 Í EYMUSSON SKÓLAVÖRÐUSTÍG

OG KL. 18:30 Í REYKJAVÍK DOWNTOWN HOSTEL.

FÖS KL. 19:00 Í MÁLI OG MENNINGU KL. 21:40 Í IÐNÓ.

Töff að vera mainstream

Reynsluboltinn Lára Rúnars gefur góð ráð til nýliða á hátíðinni.

Þú fékkst flotta kynningu í hinu virta tímariti NME um daginn. Já, ég er búin að fá frábær viðbrögð eftir það.

Hvað er framundan hjá þér í vetur? Ég verð með einhverja tónleika og er að fara að spila í London núna í nóvember. Svo er ég bara í því að vekja athygli á mér og koma mér á framfæri.

Hefurðu ihugað að gefa út þungarokksplötu? Já. Ég hef ihugað allar stefnur og stíla. Ég hef hugsað um að gefa út barnaplötu, ihugunarplötu, þungarokksplötu og bara allan skalann. Mig langar að geta gert hvað sem er og allt kemur til greina.

Eru krúttin að taka yfir heiminn? Nei, langt því frá. Það leit út fyrir það í kringum árið 2007 en ég sé ekki fram á það lengur. Núna er bara svoltið töff að vera mainstream.

Ertu með einhver góð ráð fyrir þá sem eru að spila í fyrsta skipti á Airwaves? Hafa gaman af þessu og ekki gera of miklar væntingar.

Hvor er flottari, Ronaldo eða Gylfi Sig? Gylfi Sig verð ég að segja. Hann er samt svo ungur.

Draumagiggið? Spila fyrir þúsund manns sem væru allir komnir að hlusta á mig. Fjölskylda og vinir væru meðal áhorfenda og hljómsveitin með mér. Mikið ljósashow en ekkert meira.



Sódóma

REYKJAVÍK



VERTU MEÐ

ICELANDIA

FIMMTUDAGUR

LISTASAFN
 22:50 Moderat (DE)
 21:40 Efterklang (DK)
 20:30 Amiina
 19:30 Hundreds (DE)

NASA
 00:00 HAM
 23:00 S.H. Draumur
 22:00 Ensími
 21:10 Reykjavík!
 20:20 Kimono
 19:30 the Fist Fokkers

SÓDÓMA
 00:00 Harrys Gym (NO)
 23:00 Oh No Ono (DK)
 22:00 LCMDF (FI)
 21:10 Deep Jimi and the Zep Creams
 20:20 Rúnar Þórisson
 19:30 59's

VENUE
 00:30 Blaz Roca
 23:20 Forgotten Lores & Diddi Fel
 22:30 Dominique Young Unique (US)
 21:40 EmmSjé Gauti
 20:50 7Berg
 20:00 Original Melody

AMSTERDAM
 00:30 Jan Mayen
 23:40 Jaakko & Jay (FI)
 22:50 Stafrænn Hákon
 22:00 Go Go Darkness
 21:10 The Heavy Experience
 20:20 Hydrophobic Starfish
 19:30 Lockerbie

IDNÓ
 00:10 Seabear
 23:20 Lay Low
 22:30 Moses Hightower
 21:40 Moddi (NO)
 20:50 Klassart
 20:00 Biggi Bix

RISID
 00:30 Sindri Eldon
 23:40 My summer as a salvation soldier
 22:50 Jón Tryggvi
 22:00 Of Monsters and Men
 21:10 Svavar Knútur
 20:20 Pascal Pinon
 19:30 Vigri

FAKTORY
 00:00 Film (GR)
 23:00 Yuniooshi (UK)
 22:00 Polipe (CA)
 21:10 Poetrix
 20:20 Bróðir Svartúlfs
 19:30 Cities Between Us

APÓTEKID
 23:30 Ramadanman (UK)
 22:00 Ewok & Kalli
 21:30 Hypno
 21:00 Muted
 20:30 Raychem
 20:00 Subminimal

TJARNARBÓI
 22:30 Pétur Ben
 21:40 Benni Hemm Hemm
 20:50 Rökkurró
 20:00 Múgsefjun
 19:10 Kristín Bergsdóttir



OFF VENUE

12 TÓNAR
 17:30 Steindór Andersen og Hilmar Örn Hilmarsson

BÍO PARADÍS
 17:00 Bíó: Backyard

BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR
 15:00 Snorri Helgason
 16:00 Nóra
 17:00 Útidúr
 18:00 Moddi (NO)
 19:00 Murder (DK)
 20:00 Sykur

BAR 11
 17:00 Penny Police (DK)
 18:00 TBA
 19:00 Snorri Helgason
 20:00 FILM (GR)
 21:00 Murder (DK)

CINEMA NO2
 15:00 Bíó: Beyond the Sea
 18:15 Bíó: Higher You and I

EYMUNDSSON AUSTURSTRÆTI
 15:00 Bíó: Screaming Masterpiece
 17:00 Markús & The Diversion Sessions

EYMUNDSSON SKÓLAVÖRÐUSTÍG
 16:30 Lára Rúnars
 17:15 Kristín Bergs

HAVARÍ
 11:00 Prinspóló and your morning coffee
 14:00 Film (GR)
 16:00 S.H. Draumur
 18:00 Gablé (FR)

HEMMI & VALDI
 15:00 Svavar Knútur & Rob Maddison (UK)
 16:00 Lay Low
 17:00 Pondus
 18:00 Elín Ey
 19:00 Enkidu
 20:00 Myrra Rós

21:00 Penny Police (DK)
 22:00 VUK (FI)
 23:00 Nive Nilsen & The Deer Children (GL)

HITT HÚSID
 20:00 - 22:00 Hydrophobic Starfish, The Assassin of a Beautiful Brunette, Tonik, Mukkaló

KAFFIBARINN
 16:00 - 19:00 Bedroom Community & Friends
 21:00 - 01:00 X-97.7 og Funkpátturinn kynna DBF & Terrordisco

KRONKRON
 20:00 Orphic Oxta og Kron by Kronkron lottó

PÓSTHÚSID VÍNBAR
 19:00 - 01:00 BenSol & Friends (plötusnúðar)

PRIKID
 10:00 Rock & Bacon ásamt Vicky Krúsi & Þórður harmonikkuleikari

REYKJAVÍK DOWNTOWN HOSTEL
 16:00 Bastardgeist (US)
 16:30 Pagan Wanderer Lu (UK)
 17:00 Snailhouse (CA)
 17:30 Reptile & Retard (DK)
 18:00 Orphic Oxta
 18:30 TBA
 19:00 We Aeronauts (US)

SJOPPAN
 14:00 My Bubba and Mi (DK)
 15:30 Zach & Foes
 17:00 Autodrone (US)

TÍU DROPAR
 22:00 Ari Braji Kárasón & Ómar Guðjónsson ásamt strengjartettinum Brák

VESTURBÆJARLAUGIN
 18:00 Swim to the sounds of Angel Deradoorian (US)

FÖSTUDAGUR

LISTASAFN
 23:50 Hurts (UK)
 22:50 Everything Everything (UK)
 21:50 Dikta
 20:50 Feldberg
 20:00 Chateau Marmont (FR)

NASA
 02:20 Slagsmálsklubben (SE)
 01:10 Alex Metric (LIVE) feat. Charli XCX (UK)
 00:10 Think About Life (CA)
 23:20 Hjalmar
 22:30 Hjaltaín
 21:40 Bloodgroup
 20:50 Berndsen
 20:00 Ljósavaki

SÓDÓMA
 02:00 Noise
 01:10 Klink
 00:10 Rolo Tomassi (UK)
 23:20 Sólstafr
 22:30 Endless Dark
 21:40 Momentum
 20:50 Gone Postal
 20:00 Wistaria
 19:10 Angst

TJARNARBÓI
 00:20 Jónas Sigurðsson & Ritvélur Framtíðarinnar
 23:30 DJ Margeir & símfónihljómsveit hans sem er stjórnaf af Samúel Samúelssyni
 22:30 Angel Deradoorian (US)
 21:30 Gablé (FR)
 20:40 Útidúr
 19:50 Murder (DK)
 19:00 Epic Rain

VENUE
 02:30 Wild Geese (UK)
 01:30 James Blake (UK)
 00:30 Silver Columns (UK)
 23:30 Toro Y Moi (US)
 22:30 Teeth (UK)
 21:40 Nolo
 20:50 Worm is Green
 20:00 Rabbi Bananas

OFF VENUE

12 TÓNAR
 17:30 Diamond Rings (CA)

BÍO PARADÍS
 17:00 Bíó: Backyard

BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR
 15:00 Nolo
 17:00 Orphic Oxta
 18:00 Reptile & Retard (DK)
 19:00 Lára Rúnars
 20:00 Valdimar

BAR 11
 17:00 Moses Hightower
 18:00 Míri
 19:00 Who Knew
 20:00 Simon Says No (NO)
 21:00 Alcoholic Faith Mission (DK)

CINEMA NO2
 15:00 Bíó: Who is Barði
 18:15 Bíó: Screaming Masterpiece

EYMUNDSSON AUSTURSTRÆTI
 15:00 Bíó: Rafmögnuð Reykjavík
 17:00 Steve Sampling

EYMUNDSSON SKÓLAVÖRÐUSTÍG
 16:30 Pagan Wanderer Lu (UK)
 17:15 Pascal Pinon

HAVARÍ
 11:00 Diamond Rings (CA) með morgunkaffinu
 14:00 Yuni in Taxco (US)
 16:00 Sudden Weather Change
 18:00 Benni Hemm Hemm / Retro Stefson

HEMMI & VALDI
 15:00 Uni
 16:00 Soffia Björg
 17:00 Snorri Helgason
 18:00 Ylja
 19:00 Orphic Oxta
 20:00 Blæti
 21:00 Snailhouse (CA)
 22:00 Sing for me Sandra
 23:00 Vicky

AMSTERDAM
 02:00 Saktmóðigur
 01:10 Bárújárn
 00:10 Zach & Foes
 23:20 Caterpillarmen
 22:30 Me, the slumbering Napoleon
 21:40 Prins Póló
 20:50 Skelkur í Bringu
 20:00 The Warsaw Pact

IDNÓ
 02:00 Ojba Rasta
 01:10 Nóra
 00:10 Junip (SE)
 23:20 Nive Nielsen & Deer Children (GL)
 22:30 For a Minor Reflection
 21:40 Lára
 20:50 Mugison
 20:00 The Vandelles (US)
 19:10 My Bubba and Mi (DK)

RISID
 01:00 Eliza Newman
 00:10 Hafðis Huld
 23:20 Uni
 22:30 Vuk (FI)
 21:40 Penny Police (DK)
 20:50 Elín Ey
 20:00 Ylja
 19:10 Soffia Björg

FAKTORY
 02:00 Æla
 01:00 DLX ATX
 00:10 Sudden Weather Change
 23:20 Bastardgeist (US)
 22:30 Pagan Wanderer Lu (UK)
 21:40 Míri
 20:50 We Aeronauts (UK)
 20:00 Yuni in Taxco (US)

APÓTEKID
 03:40 DJ Casanova
 02:00 Sexy Laser
 01:00 DJ Bensol
 00:20 Human Woman
 23:30 Walls (UK)
 22:40 Mondkopf (FR)
 21:50 Captain Fufanu
 21:00 Legend

HVERFISBARINN
 01:00 - 02:00 DJ Stinnson, EmmSjé Gauti og 7Berg

KAFFIBARINN
 16:00 - 19:00 Bedroom Community & Friends
 21:00 DJ Kári
 01:00 Alfons X

KORMÁKUR OG SKJÖLDUR
 17:00 Retro Stefson

NIKITA
 18:00 DJ Introbeats
 20:00 Bíó: Premier of Hooked
 20:40 Andvari
 21:00 Mukkaló

PÓSTHÚSID VÍNBAR
 19:00 - 03:00 BenSol & Friends

PRIKID
 10:00 Rock & Bacon with KOI
 22:00 Frískó (Franz & Kristó)
 00:00 DJ Addi Intro & Rottweiler

REYKJAVÍK DOWNTOWN HOSTEL
 16:00 The Esoteric Gender
 16:45 Manny DJ Set
 17:00 TBA
 17:30 Ólafur Arnalds
 18:00 Hafðis Huld
 18:30 Joanne Kearney
 19:00 Bombay Bicycle Club (UK)

SJOPPAN
 14:00 Prinspóló
 14:40 Murder (DK)
 15:20 Bastardgeist (US)

SMEKKLEYSA
 16:00 Myrra Rós ásamt gestum
 17:00 Kalli flytur ný lög af plötusnúð Nashvill

TÍU DROPAR
 18:00 TBA
 19:00 Þorgerður Jóhanna
 20:00 Emma Ævars
 21:00 Playground Birds
 22:00 Holy Valour

HÁDEGISTILBOÐ
kl. 10-14
BÁTUR + KÓK
1.100 kr.



AIRWAVES

LAUGARDAGUR

LISTASAFN

00:00 Robyn (SE)
22:40 Bombay Bicycle Club (UK)
21:30 Tunng (UK)
20:20 Bang Gang
19:30 Spleen United (DK)

NASA

02:40 Haffi Haff
01:50 The Amplifetes (SE)
01:00 Retro Stefson
00:00 Hercules & Love Affair (US)
23:00 Apparat Organ Quartet
22:00 Mount Kimbie (UK)
21:10 JJ (SE)
20:20 Factory Floor (UK)
19:30 Hellvar

SÓDÓMA

02:40 Benny Crespo's Gang
01:50 Minus
00:50 The Joy Formidable (UK)
23:50 The Antlers (US)
22:50 Crocodiles (US)
22:00 Agent Fresco
21:10 Mammút
20:20 Just Another Snake Cult
19:30 Cynic Guru

VEU

02:30 Jungle Fiction
01:30 XXX Rottweiler
00:30 Reptile and Retard (DK)
23:30 Neon Indian (US)
22:30 Diamond Rings (CA)
21:40 Sometime
20:50 Quadruplos
20:00 Steve Sampling
19:30 Esoteric Gender

AMSTERDAM

02:10 We Made God
01:20 200 (FO)
00:30 Cliff Clavin
23:40 Hoffman
22:50 Vicky
22:00 Nögl
21:10 Morðingjarnir
20:20 Fræbblarnir
19:30 Reason To Believe

OFF VENUE

BÍÓ PARADÍS

15.00 Bíó: Backyard
17.00 Bíó: Backyard

BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR

15.00 Of Monsters & Men
16.00 Klassart
17.00 Save Public
18.00 Prinspóló
19.00 Angel Deradoorian (US)
20.00 Funkanansie

BAR 11

17.00 IKEA Satan
18.00 Jan Mayen
19.00 Saytan
20.00 Rolo Tomassi (UK)
21.00 The Vandelles (US)

CINEMA NO2

15.00 Bíó: The Sky May Be Falling.....
But The Stars Look Good On You
18.15 Bíó: Where's the Snow?!

EYMUÐSSON AUSTUR-STRÆTI

15.00 Bíó: Rokk í Reykjavík
17.00 Moses Hightower

HAVARÍ

11.00 Nive Nilsen (GL)
með morgunkaffinu
14.00 Amiina
15.30 Mammút
18.30 Útidúr

HEMMI & VALDI

15.00 Eliza Newman
16.00 Bowen Staines (US)
17.00 Kristín
18.00 Pétur Ben
19.00 Jón Tryggvi
20.00 Johnny Stronghands
21.00 Woodcraft
22.00 Valdimar
23.00 The Vintage Caravan

KAFFIBARINN

16.00 - 19.00 Bedroom Community
& Friends
19.30 Hjaltaín
21.00 DJ Halli Valli
01.00 DJ Casanova

IDNÓ

02:00 Náttfari
01:10 Ourlives
00:20 Lights on the Highway
23:20 Basia Bulat (CA)
22:30 Rival Consoles (UK)
21:40 Ólafur Arnalds
20:50 Codes In The Clouds (UK)
20:00 Nils Frahm (DE)

RISÍÐ

01:50 Save Public
01:00 Markús & The
Diversion Sessions
00:10 Snailhouse (CA)
23:20 Timber Timbre (CA)
22:30 Snorri Helgason
21:40 Kalli
20:50 Toggi
20:00 Andvari
19:10 Heima

FAKTÓRY

02:20 UMTBS
01:30 Sykur
00:30 Simon Say's No! (NO)
23:40 Alcoholic Faith Mission (DK)
22:50 Marius(FO)
22:00 Who Knew
21:10 Borko
20:20 Króna
19:30 Lazy Blood

APÓTEKID

03:40 Shumi (DE)
02:00 Dj Margeir
00:20 Kasper Bjørke (DK)
23:30 Kenton Slash Demon (DK)
22:40 Oculus
21:40 Már og Nielsen
21:00 Kiasmos

TJARNARBÍÓ

00:00 Ghostigital
23:10 Sudden Weather
Change go Ghostigital
Biogen
22:20 Captain Fufanu
21:40 Sigurður Guðjónsson
& Rafmagnsveitin
20:30 Dj Flugvél&Geimskip

NIKITA

13.00 Útidúr
13.35 Orphic Oxtra
14.10 Rival Consoles (UK)
14.45 Biggi Bix
15.20 Nóra
16.00 Miri
16.35 Original Melody
17.10 Yunioshi (UK)
17.45 Reykjavík!
18.20 Moses Hightower
19.00 HAM

PÓSTHÚSIÐ VÍNBAR

19.00 - 03.00 BenSol & Friends
(plötusnúðar)

PRIKIÐ

22.00 The Shitsez (NO)
00.00 Danni Deluxe & Rottweiler

REYKJAVÍK DOWNTOWN HOSTEL

16.00 Svavar Knútur
16.30 Ljósvaki
17.00 TBA
17.30 Útidúr
18.00 Rökkurró
18.30 TBA
19.00 VUK (FI)

SJOPPAN

14.00 Spaceships Are Cool (UK)
15.30 For a Minor Reflection
17.00 200 (FO)

SMEKKLEYSA

15.00 Ellen Kristjánsdóttir
with Pétur Hallgrímsson
16.00 Bob Justman premiers new
material together with
some classics

TÍU DROPAR

15.00 - 18.00 Events and special
offers throughout the day
18.00 Svavar Knútur
19.00 Elin Ey
20.00 Uni
21.00 Jón Tryggvi
22.00 Daniel Jón

VESTURBÆJARLAUGIN

18.00 Swim to the sounds of Hjalmar

SUNNUDAGUR

NASA

23:00 FM Belfast
22:00 Dan Deacon (US)
21:00 Samúel Jón Samúelsson
Big Band
20:00 Orpich Oxtra

OFF VENUE

BÍÓ PARADÍS

15.00 Bíó: Backyard
17.00 Bíó: Backyard

HAVARÍ

14.00 Fist Fokkers
16.00 Rolo Tomassi (UK)

KAFFIBARINN

21.00 - 01.00 Human Woman, Shumi
(Kompakt, DE), Sexy Lazer,
Gísli Galdur

SÓDÓMA

22:50 TBA
21:50 XIII
20:50 Massy Ferguson
20:00 Foreign Monkeys

HEMMI & VALDI

19.00 Yunioshi (UK)
20.00 Svavar Knútur
21.00 Andvari
22.00 Moddi (NO)
23.00 Kalli

PRIKIÐ

21.00 Þynnubíó: Wild Side
(fritt popp) DJ Kocoon



BLOODGROUP SPILA
Á ICELAND AIRWAVES Í ÁR


Mynd/Ernir



VERTU MEÐ



Hér fer ICELAND AIRWAVES fram



GUÐMUNDUR ÓSKARSSON
MARKAÐSSTJÓRI ICELANDAIR

Bindum þetta allt saman

Icelandair stofnaði Airwaves og leggur milljónir í íslenska tónlist.

„Það er alltaf gríðarlega góð stemning innan fyrirtækisins í kringum Airwaves. Ólíklegasta fólk er að krúnka sig saman og ræða um tónlist og hvað það ætla að sjá á hátíðinni,“ segir Guðmundur Óskarsson, markaðsstjóri Icelandair. Það var Icelandair sem stofnaði Airwaves-hátíðina árið 1999 og hefur fyrirtækið haft veg og vanda að henni síðan. „Þetta er fyrst og fremst til þess að kynna land og þjóð og fá fólk til landsins. Við erum búin að flytja einhver hundruð hljómsveita til landsins síðan við byrjuðum og á hverju ári leggjum við tugi milljóna í íslenska tónlist,“ segir Guðmundur.

Icelandair styður einnig við bakið á Músiktilraunum, en sigurvegarinn þar spilar alla jafna á Airwaves-hátíðinni. Hringnum er svo lokað með verkefni Reykjavík Loftbrú. „Hugmyndin er að aðstoða fólk sem fær tækifæri í gegnum Airwaves með því að hjálpa því að komast út og hjálpa því að koma sér á framfæri. Þannig reynum við að binda þetta allt saman,“ segir Guðmundur.

Hann segir að íslensk tónlist sé í hávegum höfð hjá Icelandair. „Við notum íslenska tónlist mikið í upplifuninni hjá okkur í fyrirtækinu. Það er íslensk tónlist um borð í flugvélunum okkar og í símförum. Við sjáum mikil verðmæti í þessu. Tónlistin fer víða og sjálfkrafa er hún að kynna Ísland alls staðar sem hún fer,“ segir Guðmundur.

Hvað ætla þú að sjá?

Monitor ræddi við nokkra Airwaves spekinga um hátíðir fyrri ára og fékk hjá þeim góð ráð.



ÁGÚST
MÆLIR
MEÐ
SKIPULAGI

Ágúst Bogason útvarpsmaður

Hvað hefurðu farið oft á Airwaves? Ég held að ég sé að fara í tíunda skiptið núna. Flaming Lips í Laugardalshöllinni árið 2000 standa mest upp úr af mörgum góðum.

Hvað ætlarðu að sjá í ár? Rolo Tomassi, Zach & Foes og S.H. Draum.

Heilræði fyrir Airwaves? Það er gaman að sjá sem flesta og flakka milli staða en ef þú vilt virkilega sjá eitthvað skaltu mæta snemma því enginn vill heyra uppáhaldslögin sín standandi í biðröð fyrir utan. Skipulag er málið.

Berglind Häsler tónlistarkona

Hvað hefurðu farið oft á Airwaves? Þetta er áttunda hátíðin sem ég mæti á. Ég gleymi því aldrei þegar ég sá Mugison spila í fyrsta skipti. Einhver æðisleg stemning skapaðist á þeim tónleikum.

Hvað ætlarðu að sjá í ár? Prins Póló að sjálfsögðu, S.H. Draum, The Antlers og Sin Fang.

Heilræði fyrir Airwaves? Polinmæði. Ekki stressa sig heldur bara njóta augnabliksins. Það er ekki hægt að sjá allt sem maður vill sjá því það er svo mikið í boði.



POLINMÆÐI
ER NAUÐSYN
SAMKVÆMT
BERGLINDI



STEFÁNI
FINNST
GUS GUS
ALLTAF
GÓÐ

Stefán Svan fatahönnuður

Hvað hefurðu farið oft á Airwaves? Ég hef farið á allar ellefu hátíðirnar. Mér finnst alltaf gaman að sjá Gus Gus spila og svo var fyrsta hátíðin sem var haldin í flugskýlinu æðisleg í heild sinni.

Hvað ætlarðu að sjá í ár? Hurts, Retro Stefson, Human Woman og Robyn.

Heilræði fyrir Airwaves? Skipuleggja sig vel, kynna sér dagskrána fyrirfram, mæta tímanlega og ekki svekkja sig á að missa af einhverju. Það er allt einhvern veginn frábært á hátíðinni.

Hörður Sveinsson ljósmyndari

Hvað hefurðu farið oft á Airwaves? Ég fór fyrst árið 2000 og hef farið á hverju ári síðan. Wolf Parade voru frábærir, Beerhof líka og Chicks on Speed á Gauknum voru klikkaðslega góðar.

Hvað ætlarðu að sjá í ár? Dan Deacon, Timber Timbre og Slagsmálsklubben.

Heilræði fyrir Airwaves? Það er mjög sniðugt á kvöldum þegar mikið er um að vera að velja sér einn stað og vera þar allt kvöldið. Ef það er eitthvað sem þú verður að sjá þá skaltu fara á þá tónleika.



HÖRÐUR
ÆTLAR Á
DAN
DEACON



Brett Anderson og félagar í Suede voru aðalnúmerið árið 2000. Brett sagði áður en hann kom að Íslendingar væru „viðsýnasta og sigldasta þjóð heims.“ Ekki er vitað hvort sú skoðun hans breyttist eftir komuna.




Kaiser Chiefs með Ricky Wilson fremstan í flokki gerðu allt vitlaust á hátíðinni 2006. Kaiser Chiefs tróðu upp í Listasafninu, en á sömu hátíð létu sveitirnar Klaxons, Wolf Parade og Datarock einnig sjá sig.

Airwaves fyrr og síðar

Monitor kíkta í gegnum myndaalbúmið og rifjaði upp skemmtilegar **Airwaves-hátíðir** undanfarinna ára.

Reykjavíkurborg hefur tekið á móti mörgum flottum, erlendum listamönnum sem troðið hafa upp á Airwaves hátíðinni. Á meðal þeirra sem ritað hafa nafn sitt í gestabókina eru Fatboy Slim (2002), The Hives (2002), Keane (2004), The Shins (2004), Ratatat (2005), Architecture in Helsinki (2005), Kaiser Chiefs (2006), Florence & The Machine (2008) og Vampire Weekend (2008). Margar ógleymanlegar upptakomur hafa átt sér stað og skemmti Monitor sér konunglega við að fara í gegnum myndaalbúmið og rifja upp hátíðir fyrri ára.



Mínus hefur gert nokkur góð mót á Airwaves. Það verður seint sagt að ljósmyndurum leiðist að skjóta bassafantinn **Pröst**.



Líðsmenn **Dr. Spock** áttu eina af eftirminnilegri upptakomum Airwaves í fyrra þegar þeir spiluðu í opnum flutningabíl á Tryggvagötunni. Uppátækið vakti mikla lukku. Á þessari hátíð voru Kings of Convenience, Casiokids, Jessica 6 og Juvelen á meðal heitustu erlendu nafnanna.



Menn hafa aldrei verið feimnir við að finna frumlega tónleikastaði á Airwaves. **Jagúar** spilaði í Bláa lóninu árið 2000 og var gestum boðið upp á bláa drykki.



Tískan hefur gjarnan verið í hávegum höfð á Airwaves hátíðinni. Þessi mynd er frá árinu 2002 en þá gengu konur í **blóðrukjólum** eins og allir muna væntanlega.



Sleggjurnar **Mugison** og **Pétur Ben** gæða sér á skyndibita á milli atriða. Þessi mynd var tekin í góðærinu árið 2007 en þá var öldin sannarlega önnur og listamenn gátu leyft sér munað á borð við samloku og kók.



Kele Okereke fór fyrir hljómsveitinni **Bloc Party** sem tróð upp á Airwaves árið 2007, en sveitin var sjóðheit um þær mundir. Nemendur Flensborgar gripu gæsina og fengu Bloc Party til að spila á skólaballi áður en þeir héldu aftur heim. „Það hefði verið dýrara að fá Papanu en Bloc Party,“ sagði nemendafélagsformaðurinn.



Árið 2002 hóf Reykjavíkurborg að styrkja Airwaves og var hátíðin það árið með þeim glæsilegri. Hápunkturinn var stórtónleikar í Laugardalshöll þar sem **Fatboy Slim**, The Hives, Blackalicious og fleiri komu fram.

ICELAND
AIR WAVES
October 13 - 17

FOUNDING SPONSOR ICELANDAIR



ICELANDAIR STYÐUR LOFTBRÚNA
Reykjavík Loftbrú er ferðastyrktarsjóður sem er ætlað að styðja
framsækið íslenskt tónlistarfólk til að hasla sér völl á erlendri grund.

ICELAND AIRWAVES 2007
TÓNLEIKAR Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR

Við hjá Icelandair erum stolt af því að hafa tekið þátt í að skapa
og styðja við Iceland Airwaves frá upphafi.

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

Erfitt að þurfa að fitta inn

Kristín Pétursdóttir

Aldur: 18 ára í nóvember.

Skóli/vinna: Er í Flensborg, Vinnur á Hróa Hetti.

Hlutverk: „Ég leik Töru sem er kærasta Tedda. Hún er svona þínu gelgjukarakter.“

Fórst þú á gelgjuna?

„Já, alveg mjög mikið.“

Hvað er það erfðasta við að vera unglungur?

„Það að þurfa að fitta inn.“

Veit fullorðna fólk eithvað hvað er í gangi hjá unglungum í dag?

„Já, já. Það er ágætlega inni í hlutunum og veit oft mikið betur um hlutina en maður sjálfur.“ **1**

Er alveg eins og Teddi!

Elías Helgi Kofoed-Hansen

Aldur: 19 ára.

Skóli: Fjölbaut í Garðabæ.

Hlutverk: „Ég leik Tedda sem er fíflid í hópnum. Hann þælir lítið í tilfinningum annarra og vill helst láta vin sinn, Gabríel, redda hlutunum.“

Áttu mikið sameiginlegt með Tedda?

„Hann er alveg eins og ég! Nei... En jú, maður þurfti náttúrulega að finna eitthvað sem maður átti sameiginlegt með honum til þess að detta í karakter.“

Talar þú eins og unglungarnir í Óróa fyrir framan fullorðið fólk?

„Nei.“

Finnst þér að myndin eigi að vera bönnuð börnum?

„Já, eiginlega. En hún er bönnuð innan tíu ára sem mér finnst svolítið tilgangslaust. Hvað er í þessari mynd sem 11 ára krakki má sjá en ekki níu ára krakki?“ **2**



Hetjur framtíðarinnar

Kvikmyndarinnar **Óróa** hefur verið beðið með eftirvæntingu en nú **15. október** verður hún loks frumsýnd um land allt. **Monitor** kynnir til leiks ungu leikarana sem eiga eflaust eftir að ráða ríkjum í íslensku leiklistarlífi.

Fór því miður á gelgjuna

Birna Rún Eiríksdóttir

Aldur: 17 ára

Skóli: Er á listabraut í FG.

Hlutverk: „Ég leik Grétu sem á mjög erfitt heima þar sem mamma hennar er alltf á djamminu og mjög erfíð. Hún þekkir ekki pabba sinn en hún er allt öðruvísi en mamma sín og hefur ákveðið að vera eitthvað allt annað en hún.“

Átt þú mikið sameiginlegt með Grétu?

„Nei það get ég ekki sagt, ég er ekki alveg þessi stelpa með tagl og gleraugu sem á erfitt heima. En ég á það þó sameiginlegt að vera þessi ákveðni karakter sem veit alveg hvað hann vill.“

Fórst þú á gelgjuna?

„Já það gerði ég því miður. Mjög fyndið að skoða gömul blogg og Myspace!“ **3**

Nokkuð gott að vera unglungur

Atli Óskar Fjalarsson

Aldur: 18 ára.

Skóli/vinna: Er í Tækniskólanum og vinnur hjá Tal.

Hlutverk: „Ég leik Gabríel sem er mjög góður og traustur strákur. Hann er vinur vina sinna.“

Átt þú eftir að roðna í bíó?

„Ég veit það ekki. Ég er búinn að sjá eitthvað af þessu en ég veit ekki hvort það verði öðruvísi þegar fleira fólk verður í salnum eða hvort stærðin á skjánum mun spila inn í.“

Er gaman að vera unglungur í dag?

„Já. Það er nokkuð gott.“

Mun amma þín hafa gaman af Óróa?

„Já, hún á örugglega eftir að hafa mjög gaman af því.“ **4**

Mun ekki stækka mikið meira

Haraldur Ari Stefánsson

Aldur: 19 ára.

Skóli/vinna: Er í MH og er liðsmaður í hljómsveitinni Retro Stefson.

Hlutverk: „Ég leik Markús sem er svolitill gúmmítöfari. Harður að utan en mjúkur að innan.“

Hvað var skemmtilegast við að leika í Óróa?

„Að fá að vinna með öllu þessu frábæra fólk.“

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?

„Mig langar mikið til að gera eitthvað leiklistartengt. Læra að verða leikari eða eitthvað því um líkt.“

Áttu eftir að stækka mikið?

„Nei, ég held ekki. Ég er orðinn töluvert stór.“ **6**

Sakna ekki unglingsáranna

María Birta Bjarnadóttir

Aldur: 22.

Vinna: Rekur tvær verslanir á Laugavegi.

Hlutverk: „Ég leik Júdit, vandræðaungling sem telur sig vita allt.“

Nú ert þú eldri en hinir leikarnir. Er þinn karakter amman í hópnum?

„Karakterinn minn á reyndar að vera 20 ára og þau hin eiga að vera 16, þannig að hún heldur að hún viti allt best.“

Hvenær hættir maður að vera unglungur?

„Það er erfitt að segja. Ég stofnaði mitt fyrirtæki 18 ára en ég myndi samt segja að það væri 20 til 21 árs.“

Fannst þér erfitt að vera unglungur?

„Nei, alls ekki. En ég sakna þess samt engan veginn!“ **5**

Tilfinningarússíbani

Hreindís Ylva Garðarsdóttir

Aldur: 21

Skóli: Guildford School of Acting, Englandi.

Hlutverk: „Ég leik Stellu sem er margslungin, svolítið týnd og ringluð en mjög góð stelpa innst inni.“

Var einhver taka erfðari en önnur?

„Hlutverkið er sennilega rosalega tilfinningarússíbani sem ég hef gengið í gegnum og mörg atriðanna minna tóku vel á sálina. Hún Stella er sko ekkert grín.“

Verður vandræðalegt fyrir þig að horfa á einhver atriði í myndinni?

„Kannski erfitt frekar en vandræðalegt. Vil ekki blaðra neinu um söguþráðinn svo ég segi ekki meir.“

(Hreindísi Ylva vantar á myndina)

FERILLINN



Justin Timberlake

Hæð: 185 sentimetrar.
Besta hlutverk: Sean Parker í The Social Network. Þar sannar hann að hann er alvöru leikari.
Eitruð tilvitnun: „Ég hélt einu sinni að ég væri Batman.“
Skrýtin staðreynd: Skírnarnafn hans er Justin Randall Timberlake og notaði hann fullt nafn sitt í upphafi ferilsins.

1981 Fæðist 31. janúar í Memphis í Tennessee-fylki.

1993 Gengur til liðs við Mickey Mouse Club þar sem hann hittir fyrir Britney Spears og Christinu Aguilera. Þau ætla sér öll að verða stjórnur.

1995 Strákabandið 'N Sync er stofnað þegar Justin er 14 ára.

1998 'N Sync slær í gegn á heimsvísu með plötunni 'NSYNC.

1999 Mesta stjörnuþegar heims verður til þegar Justin byrjar með Britney Spears.

2000 Preytir frumraun sína sem leikari í Disney-myndinni Model Behavior.

2002 Gefur út sína fyrstu sólóplötu, Justified, sem slær í gegn.

2004 Justin og Janet Jackson valda usla í hálfleiksskemmtun Super Bowl þegar hann berar á henni brjóstið í beinni útsendingu fyrir alþjóð. Atvikið er talið á meðal mestu skandala bandarískrar sjónvarpsögu.

2006 FutureSex/Love-Sound lítur dagsins ljós. Platan selst í milljónum eintaka og fær frábæra dóma.

2007 Byrjar með leikkonunni Jessicu Biel.



Frumrásir helgarinnar



Órói

Leikstjóri: Baldvin Z.
Aðalhlutverk: Atli Óskar Fjalarrson, Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm og Haraldur Ari Stefánsson.
Lengd: 98 mínútur.
Dómar: Engir dómar komnir.
Aldurstakmark: 12 ára.
 Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Keflavík, Akureyri og Selfossi.



Hinn 16 ára Gabríel (Atli Óskar Fjalarrson) reynir með hjálp sinna nánustu vina að komast að því hver hann er í raun og veru og hvar hann stendur í flóknum heimi hinna fullorönu. Myndin er byggð á bókum Ingibjargar Reynisdóttur „Strákarnir með strípurnar“ og „Rótleysi, rokk og rómantík“ sem hafa notið mikilla vinsælda hér á landi.



Fyrstu skref kvikmyndagerðarfólks

Ljósvalkjóð hefjast í fimmta sinn þann 22. október

„Við erum að búa til vettvang fyrir ungt fólk sem hefur hæfileika annað hvort í handritaskrifum eða kvikmyndagerð til þess að láta ljós sitt skína,“ segir Björg Magnúsdóttir, annar verkefnastjóra Ljósvalkjóða, stuttmynda- og handritahátíð unga fólksins. „Það liggur ótrúlega mikið af flottu efni þarna úti eftir fólk sem veit ekki hvernig það á að koma sér af stað. Þetta er leið fyrir þau til að fá álit fagmanna á því sem það er að gera.“
 Ljósvalkjóð eru nú haldin í fimmta sinn en um er að ræða tvær aðskildar keppnir, annars vegar handritakeppni og svo stuttmyndakeppni. Fjöldi ungra kvikmyndagerðamanna hefur stigið sín fyrstu skref í keppninni.
 „Til dæmis hefur Halla Mía, sem vann verðlaun fyrir

The Social Network

Leikstjóri: David Fincher
Aðalhlutverk: Andrew Garfield, Jesse Eisenberg og Rashida Jones.
Lengd: 120 mínútur.
Dómar: IMDB: 8,5 / Metacritic: 8,8 / Rotten Tomatoes: 97%.
Aldurstakmark: 7 ára.
 Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.



Haustið 2003 settist Harvard-neminn Mark Zuckerberg niður við tölvuna sína og fór að vinna að nýrri hugmynd sinni, Facebook. Sú mikla forritunarvinna sem hófst í blogg-reiði þetta kvöld í heimavistarherberginu hans átti eftir að valda byltingu í samskiptum fólks um allan heim. Sex árum og 500 milljón notendum síðar er Mark Zuckerberg yngsti milljarðamæringur sögunnar.

BJÖRG ER IDIN SEM RjúPA

handrit sitt í fyrra, gert stuttmynd úr sínu handriti sem var sýnd á RIFF núna í haust. Áslaug Einarsdóttir sem leikstýrði myndinni Uppstandsstelpur, sem einnig var sýnd á RIFF, fékk líka verðlaun í keppninni í fyrra,“ segir Björg og bætir við að einnig stundi þónokkrir fyrrverandi keppendur nám í kvikmyndaskólum erlendis.
 Frestur til að senda inn handrit og stuttmyndir rennur út mánudaginn 18. október og þurfa áhugasamir því að hafa hraðar hendur. Björg hvetur þá sem luma á efni að slá til því engu sé að tapa og til mikils að vinna.
 „Og þótt maður komist ekki endilega áfram í keppninni þá felst mikil æfing í hugmyndavinnu í því að koma frá sér tilbúnu handriti eða stuttmynd,“ segir hún.
 Nánari upplýsingar má finna á www.ljosvalkjod.is.

ATLI ÓSKAR FER MED HLUTVERK GABRIÉLS

Mark Zuckerberg, stofnandi Facebook, á afmæli 14. maí, sama dag og forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson.

Popp-korn

Stikla fyrir nýjustu mynd **Vince Vaughn**, The Dilemma, hefur valdið usla í Bandaríkjunum. Í henni grínast Vaughn með að rafmagnsbílar séu „gay“ en grínið fór fyrir brjóstið á Anderson Cooper, fréttamanni CNN. Fannst honum ótrúlegt að grípið væri til svona gríns nú, svo stuttu eftir að nokkrir ungir menn frömdu sjálfsvíg vegna eineltis sem þeir urðu fyrir vegna samkynhneigðar sinnar.



Það tók leikkonuna **Kim Basinger** nokkra stund að ákveða hvort hún vildi taka að sér hlutverk móður Zac Efrons í kvikmyndinni Charlie St. Cloud sem frumsýnd var í sumar. En þegar 14 ára dóttir hennar, Ireland, frétti af tilboðinu varð hún vits-tola af spennu og hvatti móður sína til að taka hlutverkið, sem hún og gerði. Myndin hefur hins vegar hlotið slaka dóma og hefði Basinger því hugsanlega átt að treysta eigin hyggjuviti frekar en unglingsdóttur sinni.



Þekktur bandarískur klámmyndaleikari hefur greinst með HIV-veiruna. Nafn leikarans hefur ekki verið gefið upp en nokkur stór fyrirtæki í geiranum hafa stöðvað allar tækur tímabundið.

Þetta er fyrsta staðfesta tilvik um HIV-smit hjá bandarískum klámleikara um nokkra hríð og hafa fréttirnar ytt undir kröfu baráttuhópa um að notkun verja verði gerð að skilyrði í þessum bransa.



Brandarakarlinn **Zach Galifianakis** fór óblíðum höndum um Bruce Willis í vefþætti sínum á dögnum. Spurði hann meðal annars hvort Ashton Kutcher væri uppáhaldsbarnið hans, en Kutcher er sem kunnugt er í tygjum við Demi Moore, fyrrverandi eiginkonu Willis. Þá gerði hann grín að lélegu verkefnavali Willis og benti á að hægt sé að hafna hlutverkum.



GULLMOLI VIKUNNAR

„Tvíkynhneigð tvöfaldar líkur þínar á að fá stefnumót á laugardagskvöldi.“

Woody Allen



JARÐABERJARÖND

BLÁ HAVAIÍ KÓKÓSRÖND

SÚKKULADIRÖND

SUÐRÆN APPELSÍNURÖND

HINDBERJARÖND

KARAMELLURÖND

GRÆN EPLARÖND

NÝTT
Á ÍSLANDI



metro

„Tískan breytist, aðeins stíll stendur í stað.“ - Coco Chanel.



Topshop

Vetrarkápa – 24.990 kr.
Mikið úrval er af fallegum og hlýjum yfirhöfnum í Topshop



Zara

Loðvesti – 12.995 kr.
Loðvestin eru út um allt núna og því um að gera að fjárfesta í einu slíku enda svakalega kósí og hlý.
Trefill 3.495 kr.
Djúsi peysa – 12.995 kr.
Leðurjakki með fóðri – 10.995 kr.



Vesti, vettlingar og varalitur fyrir veturinn

„Möst-have“ flíkur og fylgihlutir

Veðrið undanfarna daga hefur verið með ólíkindum gott, jafnvel þó komið sé fram í miðjan október. Sumir eru að sólbrenna í framan á meðan aðrir hlaupa um á stuttbuxum og hlýraból. Þetta er sjaldgæf sjón en þrátt fyrir það ákvað Stíllinn að setja öryggið á oddinn og kíkti í búðir til að sjá úrvalið í vetrartískunni. Mokka, lambaskinn og loð hefur ekki látið lítið fyrir sér fara í helstu tiskublöðunum undanfarið. Fóðraðir jakkar, stórir treflar og hlýindi einkenna blöðin og er Stíllinn mjög hlynntur þessari tísku þar sem hún smellpassar við landslagið okkar. Stíllinn bendir einnig á góð rakakrem fyrir kuldann, make-up og fleira skemmtilegt.



Accessorize

Munstraðir vettlingar – 2.849 kr.
Eymaskjól – 3.799 kr.
Eymaskjólín eru komin aftur. Tilvalin ef þú vilt ekki skemma greiðsluna með húfunni.



Hagkaup

Iron heat spray - Hitavernd fyrir hárið, gefur því lyftingu og raka. Tilvalið að nota fyrir blástur eða sléttun. Fint fyrir þurrtt háir – 1.169 kr.
Beach curl spray – Ýkir krullur og liði, gefur líflegan blæ og hjálpar hárinu að halda sér í réttu formi – 1.199 kr.
Firm hold – Hársprey sem gefur gott hald og gefur því flottan frágang með flottum glans. Fyrir allar hártægundir. Notist í þurrtt háir. – 899 kr.
Tony tame it serum – Mýkjandi hárvökvi sem skilar hárið eftir laust við úfa og með flotta glans áferð, fitar ekki hárið og er gott fyrir sítt háir. – 1.899 kr.



Make Up Store

Augnskuggar – 2.990 kr.
Það er fallett að setja daufan, laxa-bleikan lit á efra augnlokið og órlítið af ljósgráum undir augað. Kemur mjög fallega út. Passa bara að setja ekki of mikið af gráum.
Kinnalitur – 3.290 kr.
Varalitur – 3.290 kr.
Dökkur varalitur og ljós húð, sama hvort liturinn er fjólublár eða vínráður er alveg málið í vetur!
Púðurbursta – 5.690 kr.
Augnfarðabursta – 4.890 kr.



Nostalgía

Hálsmen 7.900 kr.
Hvítt hálsmen – 5.900 kr.
Armband – 2.900 kr.
Loðkragi – 11.000 kr.
Loðkragarnir í Nostalgíu setja svip sinn á allar kápur og jakka. Hentu kraganum á þig og gamli jakkinn, sem þú hefur fengið leið á, fær nýtt útlit. Kjarakaup!
Buxur – 7.400 kr.
Fléttubelti – 3.900 kr.



Bossanova

Ekta vetrarstígvél – 24.600 kr.
Þessi sinnepsgulu stígvél eru gullfalleg og fást í Bossanova. Þau eru einnig til í fleiri litum.



Einvera

Kuldajakki – 24.900 kr.
Peysa – 13.900 kr.

Systurnar í Einveru sem hanna undir merkinu **KALDA**, kynna sína nýju línu **HVÖRF** í fyrsta sinn á Íslandi, í kvöld, fimmtudaginn 14. október, frá 18:00-20:00 en opnunin verður haldin í búðinni þeirra **Einveru** að Laugavegi 35. Þær ætla að bjóða upp á léttar veitingar ásamt skemmtilegri tónlist í boði Vilsborg en þar verður einnig ljósmyndasýning frá **A Doll's House** fransíne.

Mikið er um að vera um helgina á **Airwaves** annað en hljómsveitir að spila. Nokkrar stúlkur hafa hópað sig saman og ákveðið að halda fatamarkað á **Faktory** að Smiðjustíg 6, laugardaginn 16. október milli 13.00-18.00. Hægt var að kaupa sér bás til að selja en er nú allt uppþök að selja og fullt af stúlkum að selja allskonar varning. Um að gera að skella sér þangað og finna sér falinn, gamlan **fjársoð!**

Þótt tækninni hafi fleygt fram síðustu áratugi hafa líklega margir orðið fyrir vonbrigðum. Samkvæmt kvikmyndum og skáldsögum fortíðarinnar áttu **svifbílar** og **aðstoðarvélmenni** að vera orðin að hversdagslegum veruleika árið 2010. **Monitor** fann nokkur dæmi um brostnar væntingar um framtíðina.



Framtíðin sem aldrei varð



VÉLMENNI

Þeir sem ólust upp á sjötta og sjöunda áratug síðust aldar hafa líklega aldrei hugsað sér annað en að vélmenni önnuðust öll helstu heimilisverkin á 21. öldinni. Teiknimyndirnar The Jetsons hafa ýtt undir þetta en í I, Robot, frægu smásögusafni eftir Isaac Asimov frá 1949, eru vélmenni í fullkominni mannsmynd orðin að raunveruleika strax árið 1998.

Roxxy

Vélmenni dagsins í dag eru aðallega fær um að mála bíla. Hún er þó ein vélkonan sem hefur verið þróuð til að sinna öðrum þörfum mannsins. Það er hún Roxxy en hún er hönnuð til að sinna kynlífsþörfum eiganda síns. Hún getur líka sagt eigandanum að hún elski hann. Roxxy kostar um það bil eina milljón króna.



KYNLÍFSDÚKKAN ROXXXY ER ALLTAF JAFN HISSA



FJÖLSKYLDUMYNDIN ER ENN ÓFULLKOMNUÐ

FERÐALÖG MILLI HNATTA

Í kvikmyndinni 2001: A Space Odyssey frá 1968 er teiknaður upp skrautlegur heimur sem á að hafa þróast árið 2001. Nú, níu árum seinna, bólar ekki á ódýrum og þægilegum sætaferðum til tungslins með tunglgrútum og undarlega klæddum geim-gengilbeinum sem þjóna til borðs í geimstöðvum. Myndsímtöl eru þó orðin að veruleika en nútímamaðurinn nennir ekki mikið að nýta sér þau.



VIÐ BÍÐUM ENN EFTIR ÞVI AÐ SJÁ ÞAÐ SEM HANN SÁ

MANNDRÁPS-RAUNVERULEIKA-SJÓNVARP

Mörgum þykir raunveruleikasjónvarp vera mesta lágmenning sem manneskjan hefur kynnst en ástandið gæti verið verra. Í bókinni The Running Man eftir Stephen King segir frá ríkisstuddum raunveruleikasjónvarpsþætti þar sem pólitískir fangar eru hundeltir af leigumörðingjum í gegnum Bandaríkin. Sagan gerist árið 2017 og gæti því enn orðið að raunveruleika. En eins slæmt og sumt sjónvarpsfni er, þá þykir ekki ástæða til að óttast þennan raunveruleika enn sem komið er.



SVIFBRETTI

Í Back to the Future 2 og 3 svifur Marty McFly um á hjólabretti án hjóla. Það á að gerast árið 2015 og eru því enn fimm ár til stefnu til að ná þessu takmarki. Það eina sem vantar upp á er að einhverjum takist að sigrast á þyngdarafinu.

Tekið á móti Marty og félagum
Daginn sem Doc Brown, Marty McFly og Jennifer Parker eiga að koma til framtíðarinnar samkvæmt Back to the Future 2, hefur verið skipulagður viðburður á Facebook til að taka á móti þeim. Það ber upp á 21. október árið 2015 en það er enginn annar en Atli Bollason úr Sprengjuhöllinni sem stendur fyrir viðburðinum. Um 2.400 manns hafa þegar skráð sig til leiks en viðburðinn má finna á Facebook undir heitinu Doc Brown, Marty McFly, and Jennifer Parker arrive from 1985.



SVIFBRETTIN VÆRU TIL MARGS BRÚKLEG



ÞESSIR MUNU ÞURFA AÐ SVARA ÝMSUM SPURNINGUM

FRYSTING OG AFFRYSTING FÓLKS

Sú þjóðsaga er lífseig að Walt Disney hafi látið frysta sig þegar hann dó, í þeirri von að í framtíðinni verði hægt að affrysta hann og vekja hann aftur til lífsins. Framleiðendur

kvikmyndarinnar Demolition Man frá 1993 töldu að sú tækni yrði komin í gagnið strax árið 1996. Í myndinni kemur líka fram að síðasta morðið í Bandaríkjunum hafi verið framið þann 25. september 2010, sem var fyrir nokkrum vikum. Þó nokkrar óheppnar sálir geta staðfest að sú spá stóðst ekki.



SCHWARZENEGGER BERST Í DAG VIÐ STJÖRN MÁLAMENN



TÍMA-FERÐALÖG

Í kvikmyndinni Timecop ferðast Jean-Claude Van Damme um tímann og berst við glæpi. Í myndinni átti þessi tækni að vera komin í gagnið árið 1994. Ekki tókst það nú.



Opið til 21

Smáralind

ÚTSALA
ÚTSALA

13.-24. október

LOKAPRÓFIÐ

| 14. október 2010 |
MONITOR
skólinn

Ég heiti HERBERT GUÐMUNDSSON

Ég hef alltaf litið upp til MAGNÍÐAR JÓHNS SIGMUNDSSONAR

Þú veist hver ég er af því að

ÞU HÍTUN
AÐ HAVA
HEMT NÝJA
SANGLÍNNA MÍN
TIME A BYGNUM



en ég er mjög hneykslaður á HENSU
LENGI ISLENDINGAR ETU
AÐ VELTA SER UNDIR

Af lögum mínum er líf mitt líkast: HAUJINN

- a) Can't Walk Away. X
- b) I Believe in Love.
- c) Hollywood.
- d) Mistaken.
- e) Svaraðu.

Af því að ÉG GET EKKI
HEFT AÐ STANDA
FÖNLISTARCIFA

Ég hef mest gaman af að:

- a) Syngja. X
- b) Vera með fjölskyldunni.
- c) Fá mér ís.
- d) Fara í ræktina.
- e) GEFA LÍGIN
LÍFSKYLINGU



Uppáhaldskvikmyndin mín er EL
SID
CHARLTON HESTON

Ég gæti ekki verið án:

- a) Gítarsins. X
- b) Gleraugnanna.
- c) Góða skapsins.
- d) Gestalistans.
- e) Guðs.

Af því að NANJUNESI
AÐ HAVA
HANN
LÍG
HEADINA
BESTI
LÍNGI
GEFA
A
REYKIR.



Uppáhaldsmaturinn minn er 66
NINGS HEISURETNA en ég
borða alls ekki SKÖTU

Nýja platan mín:

- a) Kemur verulega á óvart því á henni eru einungis þungarokkslög. X
- b) Mun ekki valda aðdáendum mínum vonbrigðum.
- c) Er ekkert sérstök.
- d) Er síðasta platan sem ég mun gefa út.
- e) _____



Það sem fáir vita um mig er að ÉG
ER GÓÐUR VOKKUR OG
VÍSGERÐARMANNA



Í fyrra lífi var ég líklega SÖGUMANNA
sem er fyndið af því
að NINA ER ÉG
FÖNLISTARMANNA

Ef ég þyrfti að velja einn af eftirfarandi til að taka upp dúett með yðri það:

- a) Friðrik Dór.
- b) Bjarki Lár.
- c) Emmsjé Gauti.
- d) Blaz Roca.
- X e) Kristmundur Axel.

Því hann ER FRÆÐER



Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

STÖNDUM SAMAN
VIÐUM HVORT
ANNAR OG
VERUM ÞARRÁTT
FÖRIR AÐ VERA
TIL.

Síðast en ekki síst


» Silja Úlfarsdóttir, frjálssíþróttakona, fílar:

Kvikmynd

Ég nýt þess alltaf jafn mikið að horfa á 300 með Gerard Butler. Finnst alveg magnað þegar bardagaatriðin eru sýnd hægt og þú sérð hvernig vöðvarnir spennast.



stuð og ég elska að æfa við tónlistina hennar. Nýjasta platan hennar, **I Am Sasha Fierce**, er í upphaldi núna.



Vefsíða

Ef ég á að segja eitthvað annað en Facebook, þá dettur mér strax í hug **www.exrx.net** sem er heimasíða með held ég bara allt sem kemur að þjálfun, æfingum, næringu og þess háttar upplýsingum.

Sjónvarpsþáttur

Ég horfi nú á flesta sjónvarpsþætti en er alltaf spennust fyrir **Grey's Anatomy**.



Bók

Mind Gym er klárlega upphaldsbókin mín, þessa bók ættu allir íþróttamenn að hafa á náttborðinu sínu. Bókin er skrifuð fyrir íþróttamenn, um íþróttamenn og hvernig hugarþjálfun bætir árangur.



Staður

Mér finnst gott að fara á **Súfistann** í Hafnarfirði reglulega, fá mér heitt súkkulaði og sökkva mér í prógrammagerð í afslöppuðu og góðu umhverfi.



fimmtudagur 14
okt

KVIKMYNDARÖÐ UM JAFNRÉTTI

Háskóli Íslands, Oddi
20:00 Q – félag samkynhneigðra stúdenta stendur fyrir kvikmyndakvöldi í samstarfi við Stúdentaráð og hagsmunafélög innan HÍ. Myndin Prayers for Bobby frá 2009 verður sýnd en hún fjallar um móður sem missir son sinn fyrir eigin hendi í kjölfar þess að hann kemur út úr skápnum. Sýningin fer fram í sal 101 í Odda. Aðgangur er ókeypis.

SALSA STEMNING

Thorvaldsen
20:30 Suðræn salsastemning og dans fyrir blóðheita á Thorvaldsen. Ókeypis salsakennsla frá 20:30 til 21:30 og mojito-tilboð á barnum.



INGÓ VEÐURGUÐ

Café Oliver
21:00 Veðurguðinn Ingó mætir með gítarinn á Oliver að vanda og heldur fjörunu gangandi langt fram á kvöld.



SJONNI OG VIGNIR

B5
22:00 Trúbadorarnir Sjonni Brink og Vignir halda uppi góðri gítarstemningu á B5. Aðgangur er ókeypis.

föstudagur 15
okt

GRAPHIC LANDSCAPES

Listasalur Mosfellsbæjar
16:00 Opnun á sýningu Píu Rakelar Sverrisdóttur, Graphic Landscapes. Verkin eru unnin út frá glermyndaröð innblásinni af íslensku vetrarlandslagi. Sýningin stendur til 16. nóvember.

FINNSKI HESTURINN

Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið
20:00 Frumsýning á verki sem fjallar um óvenjulegt fjölskyldulíf og mál sem brenna á Íslendingum í dag. Með aðalhlutverk fara Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Kjartan Guðjónsson, Þórunn Lárusdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Lára Sveinsdóttir og Þórunn Anna Kristjánsdóttir.

TÓMTBAK + HLJÓDLISTAMENN

Kaffistofan, Hverfisgötu
20:00 Opnun á listasýningunni Tómtbak. Af því tilefni koma einnig fjöldi hljóðlistamanna fram. Aðgangur er ókeypis og opnunargleðin stendur til 23.

A BAND ON STAGE

Rosenberg
22:00 Hljómsveitin A Band on Stage leikur lög eftir Nick Cave bæði á föstudags- og laugardagskvöld. Leikin verða bæði þekkt og minna þekkt lög. Aðgangseyrir er 1.500 krónur. Báðir tónleikarnir hefjast klukkan 22.

laugardagur 16
okt

FATAMARKAÐUR

Faktóry
13:00 Airwaves-fatamarkaður verður haldinn í portinu fyrir framan skemmtistaðinn Faktóry. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt geta fundið viðburðinn undir heitinu Airwaves Fatamarkaður á Faktóry á Facebook og skráð sig. Þátttökugjald er 1.000 krónur. Markaðurinn stendur frá 13 til 18.

KAFFISTOFUTÓNLEIKAR

Kaffistofan
21:00 Hljómsveitirnar Muck, Cat-erpillarmen, The Dandelion Seeds og Me, the Slumbering Napoleon spila á tónleikum fyrir þá sem ekki komust á Airwaves eða langar bara að sjá þessar merku sveitir.



QUEER-SHOWCASE

Barbara
Fimmtudagur 21:00



SKYNDILEGA GREIP MIG
ÓSTJÓRNLEG LÖNGUN

Hugleikur Dagsson

Það er nú bara þannig að ég veit ekkert hvað ég ætla að gera um helgina. Ég á ekki miða á Airwaves þannig að það er bara allt opið.

Það fíla ekki allir söngleiki

„Okkur fannst vanta að það yrði höfðað til queer kvenna. Flestir hinsegin viðburðir stíla inn á þessa dæmigerðu staðalmynd af því sem homnum á að finnast skemmtilegt, söngleiki, diskó, klúbbatónlist, og svo framvegis. Svo við ákváðum að taka hlutina svolítið í okkar eigin hendur,“ segir Íris Ellenberger, meðlimur í farandklúbbnum Skyndilega greip mig óstjórnlæg löngun, sem stendur að svokölluðu Queer-showcase sem haldið verður á Barböru í tengslum við Airwaves.

„Við höldum fyrsta kvöldið í sumar og það hlaut mjög góðar viðtökur. Við ákváðum því að nota tækifærið núna á meðan Airwaves er til að sýna queer, kvenkyns, íslenskar tónlistarkonur,“ segir hún og er þess fullviss að allir muni hafa gaman af. „Það hýtur að vera, þetta eru frábærar tónlistarkonur!“

Gamanið hefist á Barböru á fimmtudagskvöld klukkan 21 og er aðgangur ókeypis. Fram koma DJ Dauði, Miss Daisy, Aðalbjörg Árnadóttir, Adda, NOW 94 og DJ Cuntlove og DJ Gorbatjov. Það er uppistandarinn Þórdís Nadia Semichat sem er kynnir kvöldsins.



Helgin mín



Oktoberfest

At The English Pub

Október tilboð á Enska barnum

Stór bjór frá 500 KR.

Fótbolti á fjórum HD-risaskjám
Lifandi tónlist öll kvöld

Enski barinn er tilvalinn fyrir afmæli og aðra mannfagnaði nánar í síma 578-0400

www.enskibarinn.is

Samsung GALAXY 5



ENNEHAM / SIA / NM43967

Vertu með böndin á hreinu

– Netið í símanum frá 490 kr. á mánuði.



Vertu með Ring á Airwaves!



www.facebook.com/ringjarar

Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x2.990 kr. og á leggst 250 kr. dreifingargjald.

Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa og er á frábæru verði. Síminn styður 3G, 3GL er Quad-band með WiFi og GPS

1.000 kr. inneign á mánuði í 12 mánuði fylgir.

www.ring.is / m.ring.is



VERTU MEÐ